

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



KVÍSLATUNGUVIRKJUN
ÁHRIF Á SAMFÉLAG, FERÐAÞJÓNUSTU OG ÚTIVIST

FEBRÚAR 2024

HÖFUNDAR
MARTA EINARSDÓTTIR
HELGA EINARSDÓTTIR
HJALTI JÓHANNESSON

Nr. 17892

SKÝRSLA UNNIN FYRIR ORKUBÚ VESTFJARÐA

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2024

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-01-2024

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	1
1.1	STRANDABYGGÐ	1
1.2	KVÍSLATUNGUVIRKJUN OG FYRIRHUGAÐ FRAMKVÆMDASVÆÐI	2
1.3	FERÐAÞJÓNUSTA Á ÁHRIFASVÆÐINU	8
2	GÖGN OG AÐFERÐIR	11
2.1	SPURNINGAKÖNNUN	11
2.2	VIÐTÖL.....	12
3	NIÐURSTÖÐUR SPURNINGAKÖNNUNAR	14
3.1	BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	14
3.2	ÞEKING Á FYRIRHUGUÐUM ÁFORMUM UM KVÍSLATUNGUVIRKJUN	16
3.3	METIN ÁHRIF KVÍSLATUNGUVIRKJUNAR Á STRANDABYGGÐ.....	17
3.4	ÚTIVIST ÞÁTTTAKENDA Á VIRKJUNARSVÆÐINU	25
3.5	VIÐHORF TIL VIRKJUNARFRAMKVÆMDA	26
3.6	OPNAR SPURNINGAR	31
4	NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA VIÐ HAGADILA	33
4.1	ÚTIVIST	33
4.2	FERÐAÞJÓNUSTA.....	35
4.3	ÖNNUR SAMFÉLAGSÁHRIF	36
5	SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA ÚR SPURNINGAKÖNNUN OG VIÐTÖLUM	38
5.1	MATSSPURNINGAR – GRUNNÁSTAND	38
5.2	MATSSPURNINGAR - GERÐ OG EIGINLEIKAR ÁHRIFA.....	39
5.3	MATSSPURNINGAR – HVER ERU VIÐHORF HEIMAMANNA TIL KVÍSLATUNGUVIRKJUNAR	42
5.4	MATSSPURNINGAR - ER LÍKLEGT AÐ KVÍSLATUNGUVIRKJUN EÐA ÁFORM UM VIRKJUNINA VALDI DEILUM Í STRANDABYGGÐ	43
	HEIMILDASKRÁ	44
	VIÐAUKI 1 VIÐTALSRAMMI	47
	VIÐAUKI 2. VIÐMÆLENDASKRÁ	50
	VIÐAUKI 3. OPIN SPURNING. JÁKVÆÐUSTU ATRIÐIN VIÐ KVÍSLATUNGUVIRKJUN	51
	VIÐAUKI 4. OPIN SPURNING. NEIKVÆÐ ATRIÐI VIÐ KVÍSLATUNGUVIRKJUN	52

MYNDIR

Mynd 1. Kort af Vestfjörðum og Strandabyggð. (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).....	2
Mynd 2. Flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum. (Landsnet, e.d.).....	3
Mynd 3. Dreifikerfi OV á Vestfjörðum. (Orkubú Vestfjarða, e.d.).....	3
Mynd 4. Fyrirhuguð staðsetning virkjunarframkvæmda. (Einar Jónsson o.fl., 2023)	5
Mynd 5. Tekin af vestari enda fyrirhugaðrar stíflu við Svartagilsmiðlun til norðurs, yfir vötnin sem mynda miðlunina (Einar Jónsson o.fl., 2023).....	5
Mynd 6. Tekið í Selárdal um 1 km fyrir ofan Þjóðbrókargil. Sumarhúsið í fjarska er á milli tveggja mögulegra staðsetninga fyrir stöðvarhús (Einar Jónsson o.fl., 2023)	6
Mynd 7. Selá í Steingrímsfirði. (Selá Steingrímsfirði, e.d.).	7
Mynd 8. Mynd frá árlegri skíðagöngu í Selárdal. (Bæjarins besta, 2024).....	8
Mynd 9. Heimsóknir erlendra ferðamanna á ferðamannastaði Vestfjarða 2021 skv. könnun Ferðamálastofu.....	9
Mynd 10. Áhugaverðir ferðamannastaðir í Selárdal (Landmælingar Íslands, e.d.).....	9
Mynd 11. Spurt í könnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna 2021: Hvað var minnisstæðast úr Íslandsferðinni?	10
Mynd 12. Upplýsingar um bakgrunn þátttakenda	14
Mynd 13. Hlutfall aldurs svarenda í þýði, úrtaki og svörum	16
Mynd 14. Hversu vel eða lítið þekkir þú til fyrirhugaðra áforma um Kvíslatunguvirkjun í Selárdal?	16
Mynd 15. Hvers konar áhrif telur þú að virkjunarframkvæmdir muni hafa á störf í Strandabyggð, á meðan framkvæmdir standa yfir?	18
Mynd 16. Áhrif á sköpun framtíðarstarfa fyrir íbúa Strandabyggðar.....	19
Mynd 17. Áhrif á samkeppnishæfni Strandabyggðar	20
Mynd 18. Áhrif á þróun byggðar í Strandabyggð	21
Mynd 19. Hvers konar áhrif telur þú að virkjunarframkvæmdir muni hafa á útivist í Selárdal?	22
Mynd 20. Áhrif á ferðapjónustu í Strandabyggð	23
Mynd 21. Áhrif á landbúnað í Strandabyggð.....	24

Mynd 22. Hefur þú stundað útivist á virkjunarsvæðinu, það er í Selárdal eða á Ófeigsfjarðarheiði?	25
Mynd 23. Hvers konar útivist hefur þú stundað á virkjunarsvæðinu?	26
Mynd 24. Það ætti að halda fyrirhuguðu virkjunarsvæði ósnortnu vegna umhverfissjónarmiða	27
Mynd 25. Fyrirhugað virkjunarsvæði er góð staðsetning þar sem það er í ónýttum óbyggðum	28
Mynd 26. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að virkjun í Selárdal muni skapa deilur í Strandabyggð vegna þess að íbúar séu ósammála um virkjanaframkvæmdir?	29
Mynd 27. Þegar á heildina er litið hvernig er viðhorf þitt til Kvíslatunguvirkjunar?	30
Mynd 28. Þau atriði sem voru nefnd sem jákvæðustu atriðin við að virkjað yrði í Selárdal... 31	
Mynd 29. Þau atriði sem voru nefnd sem neikvæðustu atriðin við að virkjað yrði í Selárdal. 32	
Mynd 30. Tilkynning á vef Strandabyggðar um tímabundna lokun sundlaugarinnar vegna rafmagnsskorts (Bára Örk Melsted, 2024).	36

TÖFLUR

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall íbúa Strandabyggðar í þýði, úrtaki og svörum	15
Tafla 2. Hversu vel eða lítið þekkir þú til fyrirhugaðra áforma um Kvíslatunguvirkjun í Selárdal? Eftir bakgrunnsbreytum	17
Tafla 3. Áhrif á störf í Strandabyggð á meðan framkvæmdir standa yfir eftir bakgrunnsbreytum	18
Tafla 4. Áhrif á sköpun framtíðarstarfa fyrir íbúa Strandabyggðar eftir bakgrunnsbreytum..	19
Tafla 5. Áhrif á samkeppnishæfni Strandabyggðar eftir bakgrunnsbreytum	20
Tafla 6. Áhrif á þróun byggðar í Strandabyggð eftir bakgrunnsbreytum	21
Tafla 7. Hvers konar áhrif telur þú að virkjunarframkvæmdir muni hafa á útivist í Selárdal?	22
Tafla 8. Áhrif á ferðapjónustu í Strandabyggð eftir bakgrunnsbreytum	23
Tafla 9. Áhrif á landbúnað í Strandabyggð eftir bakgrunnsbreytum	24
Tafla 10. Útivist þátttakenda á virkjunarsvæðinu, eftir bakgrunnsbreytum	25
Tafla 11. Það ætti að halda fyrirhuguðu virkjunarsvæði ósnortnu vegna umhverfissjónarmiða, eftir bakgrunnsbreytum	27
Tafla 12. Fyrirhugað virkjunarsvæði er góð staðsetning þar sem það er í ónýttum óbyggðum, eftir bakgrunnsbreytum	28
Tafla 13. Telja svarendur að Kvíslatunguvirkjun muni skapa deilur í Strandabyggð, eftir bakgrunnsbreytum	29
Tafla 14. Heildarviðhorf þátttakenda til Kvíslatunguvirkjunar, eftir bakgrunnsbreytum	30

1 INNGANGUR

Orkubú Vestfjarða ohf. (OV) áformar að reisa 9,9 MW virkjun, Kvíslatunguvirkjun, í Strandabyggð á Vestfjörðum. Markmiðið með virkjuninni er að bæta afhendingaröryggi rafmagns á Ströndum, Reykhólum og í Inn-Djúpi, bæta skilyrði til orkuskipta, auka varaafli á svæðinu í stað eldsneytisvéla og auka orkuframleiðslu inn á dreifikerfi raforku (Einar Jónsson o.fl., 2023).

Í matsáætlun Kvíslatunguvirkjunar, þar sem mat er lagt á umhverfisháhrif, er talið að virkjunin muni hafa margþætt áhrif á samfélagið í Strandabyggð og á Vestfjörðum. Framkvæmdunum fylgir mannvirkjagerð svo sem stíflur, veituskurðir, stöðvarhús og vegagerð og aðstöðusköpun á meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir að aukið framboð á raforku og meira afhendingaröryggi muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf og samkeppnishæfni svæðisins (Einar Jónsson o.fl., 2023). Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) var falið að kanna hug íbúa Strandabyggðar til þessara virkjanaframkvæmda og hvaða samfélagsleg áhrif þeir teldu að virkjunin myndi hafa. Blönduð rannsóknaraðferð var notuð. Annars vegar var gerð símakönnun meðal íbúa Strandabyggðar og hins vegar tekin viðtöl við hagaðila, einkum forsvarsmenn útivistarféлага og ferðaþjónustu. Rannsóknin er hluti af mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og var stuðst við matsáætlun VERKÍS (Einar Jónsson o.fl., 2023) og önnur fyrirliggjandi gögn. Horft var til nýlegrar skýrslu RHA með tilliti til innihalds og uppsetningar skýrslunnar (Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson, 2023). Verkefnisstjóri var Marta Einarsdóttir, sérfræðingur hjá RHA sem sá um framkvæmd viðtala og úrvinnslu úr þeim og gerð spurningalistans. Helga Einarsdóttir sá um framkvæmd spurningarkönnunarinnar og úrvinnslu tölfraeðigagna. Marta skrifaði skýrsluna ásamt Helgu en einnig komu Hjalti Jóhannesson, Sæunn Gísladóttir og Rannveig Gústafsdóttir að gerð hennar.

1.1 Strandabyggð

Strandabyggð er eitt níu sveitarfélaga á Vestfjörðum en á Vestfjörðum hefur orðið mesta hlutfallslega fólksfækkun á landinu síðustu áratugi (Vestfjarðastofa, 2023a). Þar búa um 2% landsmanna en árið 1920 bjuggu þar um 14% af þjóðinni. Í endurskoðaðri sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 eru helstu veikleikar svæðisins taldir vera þeir að atvinnulíf sé einhæft, menntunarstig undir meðallagi, ófullnægjandi samgöngur og ótryggt rafmagn og netsamband. Helstu tækifæri eru talin liggja í fyrirhugaðri styrkingu innviða, svo sem raforkukerfa og vega, ásamt uppbyggingu og nýsköpun innan nýrra greina svo sem ferðaþjónustu og fiskeldis. Einnig er talað um tækifæri tengd samfélagsbreytingum fjórðu iðnbyltingarinnar en að sama skipti geti þær breytingar talist til ógna, ásamt aðgerðaleyzi og ákvarðanafælni stjórnvalda og skilningsleysi á aðstæðum á svæðinu (Vestfjarðastofa, 2023a). Ef litið er til helstu styrkleika svæðisins eru þeir taldir vera ímynd hreinnar náttúru, gjöful fiskimið, tækifæri tengd sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, fjölskylduvænt umhverfi og hátt atvinnustig.

Strandabyggð, sem segja má að sé á miðjum Vestfjörðum (sjá Mynd 1) varð til við sameiningu Hólmavíkurrepps og Broddaneshrepps árið 2006. Sveitarfélagið er 1900 km² að flatarmáli og eitt af þremur sveitarfélögum Strandasýslu, ásamt Árneshreppi og Kaldrananeshreppi.



Mynd 1. Kort af Vestfjörðum og Strandabyggð. (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Íbúar Strandabyggðar voru 428 þann 1. janúar 2023 og hafði fjölgað um fjóra frá því árið áður. Þeim hefur þó fækkað töluvert frá 2013 þegar þeir voru 518 talsins (Hagstofa Íslands, e.d.). Til samanburðar var árið 1975 skráður 771 íbúi á Hólmavík, stærsta byggðarkjarna sveitarfélagsins (Einar Jónsson o.fl., 2023).

Helstu atvinnugreinar í Strandabyggð eru landbúnaður, fyrst og fremst sauðfjárbúskapur, sjávarútvegur og ýmis þjónusta. Á Hólmavík er miðstöð verslunar og þjónustu fyrir Strandirnar. Þar er t.d. heilsugæsla, grunnskóli, svæðisskrifstofa Orkubús Vestfjarða, lögreglustöð og starfsstöð Vegagerðarinnar. Einnig hefur ferðaþjónusta farið vaxandi á undanförunum árum (Markaðsstofa Vestfjarðar, e.d.). Strandabyggð tekur þátt í verkefninu Brothættar byggðir til að sporna við fólksfækkun. Þar er stefnt að styrkingu innviða og þjónustu byggðarinnar, stígandi atvinnulífi og stoltu og sjálfbæru samfélagi (Einar Jónsson o.fl., 2023).

1.2 Kvíslatunguvirkjun og fyrirhugað framkvæmdasvæði

Síðustu ár hefur mikið verið rætt um orkuskort á Vestfjörðum bæði hvað varðar afhendingaröryggi og orkuframleiðslu (Vestfjarðastofa, 2023b) og ein af meginforsendum Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árangri er talin vera að flutningskerfi raforku verði samkeppnishæft við aðra landshluta. Einn af helstu veikleikum svæðisins er hins vegar talinn sá að framleiða þurfi rafmagn með jarðefnaeldsneyti (Vestfjarðastofa, 2023a).



Mynd 2. Flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum. (Landsnet, e.d.).

Mynd 2 sýnir flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum sem tengt er við byggðalínuhring Landsnets með svokallaðri Vesturlínu, frá Hróatungu í Mjólka. Á henni eru tveir tengipunkturar við Glerárskóga í Dölum og í Geiradal í Reykhólasveit. Dreifikerfi OV tengist inn á tengivirki Landsnets, Hróatungu, skammt frá Staðarskála (Mynd 3). Rafmagni til Hólmavíkur og áfram til Drangness og Árneshrepps er dreift af OV frá tengivirkinu í Geiradal. Frá Hólmavík fara rafmagnsflutningar um innanvert Ísafjarðardjúp, með jarðstreng yfir Steingrímsfjarðarheiði (Einar Jónsson o.fl., 2023).



Mynd 3. Dreifikerfi OV á Vestfjörðum. (Orkuþing Vestfjarða, e.d.).

Þegar bilun verður í flutningskerfi Landsnets til Geiradals eða skortur verður á rafmagni inn á kerfið verður rafmagnslaust á Hólmavíkursvæðinu. Þá þarf að nota eldsneytisvélar til að framleiða rafmagn inn á kerfið. Eldsneytisnotkun á svæðinu vegna keyrslu varaafls var tæpir 32 þúsund lítrar árið 2022 sem samsvarar losun á CO² upp á 84 þúsund tonn (Einar Jónsson o.fl., 2023). Í janúar 2024 tilkynnti Landsnet að skerða þyrfti orku til OV í 103 daga, frá 19. Janúar - 30. apríl vegna lágrar vatnsstöðu í Þórisvatni. Elías Jónatansson orkubústjóri áætlað að OV muni þurfa að brenna 3,4 milljónir lítra af dísilolíu á árinu. Það muni kosta u.þ.b. 540 milljónir, sem fari beint út í verðlagið til neytenda (Gréta Sigríður Einarsdóttir, 2024).


Áætlað er að afl Kvísatunguvirkjunar verði allt að 9,9 MW og framleiði 50-70 GWh á ári. Orkan verður leidd að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Hólmavík um 33 kV jarðstreng og þaðan liggur síðan 33 kV lína OV að tengivirki Landnets í Geiradal (Einar Jónsson o.fl., 2023). Mesta rafmagnsálag á Hólmavíkursvæðinu er 5 til 6 MW, þannig að ef útsláttur verður annað hvort á loftlínunni að Hólmavík eða á línukerfi Landsnets að Geiradal verður afl Kvísatunguvirkjunar það mikið að notendur á svæðinu verða ekki rafmagnslausir. Þannig verður komið ígildi hringtengingar með tveimur óháðum flutningsleiðum rafmagns. Virkjunin mun þannig leiða til aukinnar raforkuframleiðslu, auka áreiðanleika orkuafhendingar á Vestfjörðum og draga úr þörfinni á að brenna dísilolíu, sem mun draga úr kolefnislosun frá því sem nú er (Einar Jónsson o.fl., 2023).

Í gildi er svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 en Reykhólahreppur og Dalabyggð liggja að Strandabyggð að sunnan- og vestanverðu. Í svæðisskipulaginu hefur verið mótuð heildarsýn á þróun svæðisins með því markmiði að styrkja atvinnulíf og byggð. Þar er horft til atvinnu, samfélags og umhverfismála og gert ráð fyrir að skipulagsstefna sveitarfélaganna styðji við þau markmið sem þar koma fram. Ekki er mörkuð sérstök stefna varðandi orkumál heldur gert ráð fyrir að um þau sé fjallað í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Því kallar Kvísatunguvirkjun ekki á breytingu á svæðisskipulaginu (Einar Jónsson o.fl., 2023).

Fyrirhugað framkvæmdasvæði Kvísatunguvirkjunar er í Selárdal (sjá Mynd 4). Inntakslón og miðlunarlón verða á hálendinu norðan við Þjóðbrókargil, að hluta til á jaðri stærstu, samfelldu, víðerna Vestfjarða (Mynd 5). Samkvæmt viðmælanda er það vatnasvæði virkjunarinnar sem nær inn á víðernin en lónin sjálf eru á hálendinu ofan við Selárdal. Það land er skilgreint sem óbyggt svæði (Einar Jónsson o.fl., 2023).



Mynd 4. Fyrirhuguð staðsetning virkjunarframkvæmda. (Einar Jónsson o.fl., 2023)



Mynd 5. Tekin af vestari enda fyrirhugaðrar stíflu við Svartagilsmiðlun til norðurs, yfir vötnin sem mynda miðlunina (Einar Jónsson o.fl., 2023)

Í aðalskipulagi Strandabyggðar er ekki gert ráð fyrir stærri virkjunum og sá hluti Selárdals þar sem gert er ráð fyrir að stöðvarhús standi er skilgreindur sem landbúnaðarsvæði.¹ Því þarf að breyta gildandi aðalskipulagi (Einar Jónsson o.fl., 2023). Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra Strandabyggðar í lok janúar 2024 var vinnuhópur að leggja síðustu hönd á fyrstu drög að breyttu aðalskipulagi til að hægt væri að leggja þau fyrir. Einnig stóð yfir vinna við deiliskipulag fyrir svæðið. Skipulagssvæði Kvíslatunguvirkjunar nær til Gilsstaða og samið hefur verið við landeigendur um rannsóknar og nýtingarleyfi (Einar Jónsson o.fl., 2023). Einnig tilheyrir hluti skipulagssvæðisins ríkisjörðinni Stað í Staðardal (ásamt Hofsstöðum).



Mynd 6. Tekið í Selárdal um 1 km fyrir ofan Þjóðbrókargil. Sumarhúsið í fjarska er á milli tveggja mögulegra staðsetninga fyrir stöðvarhús (Einar Jónsson o.fl., 2023)

Í Selárdal eru þrjár jarðir, Bólstaður, Geirmundarstaðir og Gilsstaðir. Byggð er komin í eyði nema á Geirmundarstöðum en þar er ekki lengur skepnuhald. Gilsstaðir eru efsta jörð dalsins. Þar stendur sumarhús og tvö sumarhús eru einnig ofar í dalnum. Eiginlegur vegur inn dalinn endar við Geirmundarstaði. Þaðan liggur vegaslóði í gegnum bæjarhlaðið á Geirmundarstöðum að Gilsstöðum. Gert er ráð fyrir að byggja upp u.þ.b. 4 km veg frá Geirmundarstöðum inn dalinn og færa hann frá bænum, niður á eyrnar þar sem stöðvarhúsið verður. Tvær staðsetningar koma til greina fyrir stöðvarhús, báðar fyrir ofan Þjóðbrókargil (Mynd 6). Vegur verður lagður frá stöðvarhúsinu að inntaki virkjunarinnar (u.þ.b. 6 km) og þaðan 3,4 km vegur að eystri

¹ Kvíslatunguvirkjun. Breyting á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og nýtt deiliskipulag. Skipulagslýsing 5. apríl 2023. Verkis og Strandabyggð.

Kolvatnastíflu og Svartagilsstíflu yfir veituskurðinn. Auk þess verða gerðir vegaslóðar sem verða afmáðir að framkvæmdum loknum (Einar Jónsson o.fl., 2023).

Um Selárdal liggur dragáin Selá sem á upptök sín á Ófeigsfjarðarheiði og rennur í Steingrímsfjörð. Sveitarfélagamörk Strandabyggðar og Kaldrananeshrepps eru mörkuð við neðsta hluta Selár. Fjöldi hliðaráa af nærliggjandi heiðum renna saman við Selá og er hún ein vatnsmesta á Vestfjarða (Einar Jónsson o.fl., 2023). Samkvæmt vefsíðu Veiðifélags Selár gengur fiskur um 20 km upp ána og þar veiðist bæði lax og sjóbleikja. Veitt er á flugu á 1-4 stangir yfir daginn og er meðalveiðin 200 bleikjur og 40 laxar. Ekkert veiðihús er við Selá (Selá Steingrímsfirði, e.d.).



Mynd 7. Selá í Steingrímsfirði. (Selá Steingrímsfirði, e.d.).

Í Selárdal hefur Skíðafélag Strandamanna byggt skíðaskála og aðstöðu til skíðagöngu og skíðaskotfimi fyrir neðan Geirmundarstaði. Þar stunda íbúar Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps og Reykhólahrepps skíðaæfingar á veturna. Einnig eru haldin námskeið fyrir skíðahópa og stærsti íþróttaviðburður á Ströndum, Strandagangan, hefur verið haldin árlega síðan 1995.




Mynd 8. Mynd frá árlegri skíðagöngu í Selárdal. (Bæjarins besta, 2024).

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eru engin friðlýst eða vernduð svæði á framkvæmdasvæðinu og heldur ekki staðir sem eru skilgreindir sem mikilvæg fuglasvæði (Einar Jónsson o.fl., 2023).

1.3 Ferðaþjónusta á áhrifasvæðinu

Þó ferðamönnum hafi fjölgað undanfarin ár eru Vestfirðir sá landshluti sem fæstir ferðamenn heimsækja og má ætla að þar séu tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu. Samgöngur hafa verið helsta áskorunin, sérstaklega yfir vetrartímann (Markaðsstofa Vestfjarða, 2018). Árið 2021 heimsóttu 18,3% erlendra ferðamanna sem komu til landsins Vestfirði. Um átta af hverjum tíu gistu á svæðinu en gistinætur þeirra voru hins með því lægsta sem gerist á landinu eða 1,8 að meðaltali, miðað við 3,1 á höfuðborgarsvæðinu þar sem þær eru flestar.

Mynd 9 sýnir heimsóknir á helstu ferðamannastaði á Vestfjörðum árið 2021 (Oddný Þóra Óladóttir, 2022). Af þessum stöðum er Hólmavík sá eini sem er í Strandabyggð, í um 16 km fjarlægð frá virkjanasvæðinu.




Mynd 9. Heimsóknir erlendra ferðamanna á ferðamannastaði Vestfirða 2021 skv. könnun Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa hefur kortlagt áhugaverða viðkomustaði þar sem um er að ræða tiltekna staði fremur en landslagsheildir. Á korti landupplýsingagáttar Landmælinga Íslands (Ferðamálastofa, e.d.-a) eru sérlega áhugaverðir staði merktir með rauðum punkti og staðir með miðlungs aðdráttarafli með gulum punkti (Mynd 10). Selárdalur telst til staða með miðlungs aðdráttarafli, með fossa, sögur og sagnir, gil og gljúfur, dýralíf og skóga. Sömuleiðis Þjóðbrók sem er gríðarmikill klettadrangur í samnefndu gili og er samkvæmt Þjóðsögum Jóns Árnasonar tröllkerlingin Þjóðbrók steinrunnin. Gilinu sjálfu er lýst sem háu og hrikalegu með fallegrri fossaröð og er það hluti gönguleiðar frá Þjóðbrókargili að Stað í Staðardal en einnig er hægt að ganga að gilinu og til baka (Ferðamálastofa, e.d.-b).



Mynd 10. Áhugaverðir ferðamannastaðir í Selárdal (Landmælingar Íslands, e.d.).

Samkvæmt brottfararkönnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli 2021 voru náttúran og landslagið það sem flestir erlendir ferðamenn (58.8%) sögðu að væri þeim minnisstæðast úr heimsókninni. Þar á eftir komu afþreying, menning og viðburðir, sjá Mynd 11. Ferðamenn telja almennt mikilvægt að geta upplifað ósnortna náttúru og víðerni þegar þeir ferðast um landið (Tverijonaite og Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2021). Þeir eru þó misjafnlega viðkvæmir fyrir mannvirkjum og getur það farið eftir því á hvaða forsendum þeir eru að heimsækja landið (Meyer-Arden, 2004).



*Sp. What were the most memorable experiences of your visit to Iceland?

Mynd 11. Spurt í könnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna 2021: Hvað var minnisstæðast úr Íslandsferðinni?

Í rannsókn sem gerð var 2012 kom í ljós að viðmælendur töldu ferðapjónustuna gegna mikilvægu hlutverki til að viðhalda byggð á Ströndum og auðga mannlífið. Ferðapjónusta var almennt smá í sniðum og víða rekin sem lítil fjölskyldufyrirtæki. Hugmyndir um uppbyggingu ferðapjónustu snéru einkum að uppbyggingu gönguferða með heimafólki þar sem ferðamenn upplifðu samspil menningar og náttúru (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson, 2012).

Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 er framtíðarsýn um að þróað verði leiðarkerfi samsett úr fjórum leiðum, Breiðarfjarðarleið, Dalaleið, Vesturslaufunni og Strandaleið. Á Strandaleiðinni verði Hólmavík lykilviðkomustaður, svokölluð svæðisstöð sem bjóði upp gistingu, ýmsa afþreyingu, veitingar, verslun og upplýsingar. Minnst er á Selárdal sem einn af sjö dölum svæðisins en ekki fæst séð að sérstök áform séu um uppbyggingu ferðapjónustu þar.

2 GÖGN OG AÐFERÐIR

Verkefnið var tvíþætt. Annars vegar var gerð símakönnun meðal íbúa í Strandabyggð og hins vegar tekin viðtöl, einkum við fulltrúa ferðapjónustu og útivistar. Einnig var stuðst við fyrirbyggjandi gögn.

2.1 Spurningakönnun

2.1.1 Úrtak, framkvæmd og svörun

Ákveðið var að könnunin næði til allra íbúa Strandabyggðar á aldrinum 18-80 ára. Úrtakið var því þýðisúrtak sem var fengið frá Þjóðskrá. Þar sem ekki er til netfangalisti fyrir íbúa sveitarfélaga var keyptur símanúmeralisti frá já.is og hringt í íbúana til að leggja spurningarnar fyrir þá. Í úrtakinu voru íbúar í póstnúmerum 500, 510, 511 og 512. Fengust því nokkur svör frá einstaklingum sem búsettir eru í Kaldrananeshreppi (sveitarfélagsnúmer 4902) og Húnaþingi vestra (sveitarfélagsnúmer 5508) en deila póstnúmeri með Strandabyggð. Hringt var í 260 einstaklinga dagana 11.–15. janúar 2024 og fengust 149 svör sem gerir 57% svarhlutfall. Telst það gott svarhlutfall miðað við símakannanir.

2.1.2 Spurningalisti

RHA gerði spurningalista með 15 spurningum til að kanna hvaða áhrif þátttakendur töldu að virkjunarframkvæmdir myndu hafa í samfélaginu og til að kanna viðhorf þeirra til framkvæmdanna. Spurningalistinn var gerður með hliðsjón af viðtalsrammanum sem notaður var í viðtölum (sjá viðauka 1, bls. 47) og einnig var litið til kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum virkjana á samfélög.

Í rannsóknnum faghóps 3 í rammaáætlun á samfélagslegum áhrifum virkjana hefur komið í ljós að oft hefur lítil kynning farið fram til íbúa þegar rannsóknin er gerð (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2020). Hins vegar er búið að kynna áform um Kvíslatunguvirkjun með almennum fundi á Hólmarvík og samkvæmt viðmælanda var sá fundur vel sóttur. Annar viðmælandi sem hafði ekki komist á fundinn sagðist lítið vita um framkvæmdirnar og taldi líklegt að það ætti við um fleiri. Þar sem lítil tilgangur er í að biðja fólk að taka afstöðu til eða lýsa skoðun á einhverju sem það veit lítið eða ekkert um var eftirfarandi texti lesinn upp fyrir þá sem samþykktu að taka þátt:

Þá ætla ég að lesa fyrir þig smá kynningu á virkjuninni þannig að þú vitir betur um hvað er að ræða: Orkubú Vestfjarða áformar að reisa virkjun í Strandabyggð sem kölluð er Kvíslatunguvirkjun. Inntakslón og miðlunarlón virkjunarinnar verða staðsett á hálendinu á Ófeigsfjarðarheiði, fyrir norðan Þjóðbrókargil og vatnið mun renna þaðan í gegnum niðurgrafna þrýstipípu til stöðvarhússins sem verður nærri Selá í Selárdal. Það er áætlað að afl virkjunarinnar verði allt að 9,9 megavött og markmiðið með henni eru að: Bæta afhendingaröryggi rafmagns á Ströndum, á Reykhólum og í Inn-Djúpi; auka orkuframléiðslu inn á dreifikerfi raforku; auka varaafli á svæðinu þannig að ekki þurfi að nota dísilvélar ef að núverandi lína slær út; og bæta skilyrði til orkuskipta.

Upplýsingarnar í kynningartextanum voru teknar úr Matsáætlun Kvíslatunguvirkjunar en umorðaðar þannig að þær féllu betur að talmáli. Í fyrstu spurningu könnunarinnar var síðan spurt hversu vel eða lítið viðkomandi þekkti til fyrirhugaðra áforma um Kvíslatunguvirkjun í Selárdal og þeim sem svöruðu mjög lítið eða ekki neitt

var boðið að textinn hér að ofan væri lesinn upp aftur. Síðan komu sjö spurningar þar sem spurt var hvaða áhrif þátttakendur teldu að Kvísílatunguvirkjun myndi hafa í Strandabyggð. Því næst var fólk spurt hvort það hefði stundað útvist á virkjunarsvæðinu og ef svo var þá hvers konar útvist. Þá komu fjórar spurningar um viðhorf til virkjunarinnar og loks voru tvær opnar spurningar þar sem þátttakendur voru beðnir um að nefna 1-3 af jákvæðustu atriðunum við að virkjað væri í Selárdal og síðan 1-3 neikvæðustu atriðunum við að virkjað væri í Selárdal. Í lokin var spurt um menntunarstig og stöðu á vinnumarkaði en auk þess var í greiningu notast við bakgrunnsbreytur sem fylgdu með úrtakinu, sem voru kyn, aldur og búseta innan svæðisins, þ.e. í hvaða pósthúsnúmeri svarendur bjuggu.

2.1.3 Greining gagna og framsetning á niðurstöðum

Greining gagna var gerð með tölfræðiforritinu SPSS. Niðurstöður eru settar fram með súlurítum, tíðnitöflum og krosstöflum og túlkaðar út frá því. Súlurítin sýna hvernig svör skiptast hlutfallslega. Tíðnitöflurnar sýna fjölda svara í hverjum flokki, fjölda þeirra sem tóku afstöðu, fjölda þeirra sem tóku ekki afstöðu og fjölda aðspurðra. Krosstöflurnar sýna fjölda svara og hlutföll eftir bakgrunnsbreytum og marktækt og meðaltöl þegar við á. Meðaltöl voru reiknuð fyrir þær spurningar sem mæla viðhorf þátttakenda til virkjunarframkvæmda og taka gildi á kvarðanum 1 -5.

Kí-kvaðrat próf voru gerð til þess að greina hvort um marktækt samband væri að ræða á milli breyta og T-próf og F-próf til að skoða hvort marktækur munur væri á meðaltölum á milli hópa. Marktækur munur milli hópanna er táknaður með stjörnumerkjum (*) og miðast marktæktin við 5%, 1% og 0,1% öryggismörk þar sem ein stjarna táknar að munurinn sé marktækur miðað við 95% öryggismörk, tvær stjörnur að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur að munurinn sé marktækur miðað við 99,9% öryggismörk.

2.1.4 Bakgrunnsbreytur

Gögn voru greind eftir fimm bakgrunnsbreytum; *kyni, aldri, búsetu, menntun* og *stöðu á vinnumarkaði*. Breytan *aldur* var flokkuð í tvo hópa: 59 ára og yngri og 60 ára og eldri. Breytunni *búsetu* var skipt upp í tvo hópa; þéttbýli (510) og dreifbýli (500/511/512). Breytan *menntun* var flokkuð upp í þrjá hópa; grunnskólanám eða minna, stúdentspróf/iðnám/annað starfsnám og háskólapróf og breytunni *staða á vinnumarkaði* var skipt upp í fjóra hópa; launþegi, sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi, á eftirlaunum og annað en undir flokkinn annað féllu hóparnir í námi, öryrki, atvinnuleitandi, í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, heimavinnandi.

2.2 Viðtöl

2.2.1 Þátttakendur

Seinni hluti verkefnisins fólst í viðtölum við ferðþjónustuaðila, forsvarsmenn útivistarfélaga og aðra lykilhagaðila í Strandabyggð. Alls voru tekin 9 viðtöl, sjá viðmælendaskrá í viðauka 2. Auk þess var hringt í tvo sem ekki gáfu kost á viðtali en annar þeirra veitti samt sem áður upplýsingar um staðhætti.

2.2.2 Spurningarammi

Spurningar og mælikvarðar viðtalsrammans voru þróuð í samræmi við aðferðafræði við umhverfismat sem hefur verið þróuð í tengslum við framkvæmdir Landsnets. Matsspurningar um samfélagsleg áhrif Kvíslatunguvirkjunar sem settar voru fram í matsáætlun fyrir Kvíslatunguvirkjun voru einnig hafðar til hliðsjónar (Einar Jónsson o.fl., 2023). Viðtalsrammann má sjá í viðauka 1.

2.2.3 Úrvinnsla og framsetning á niðurstöðum

Í úrvinnslu viðtala voru skoðuð áhrif á útvist og ferðaþjónustu eins og lagt var upp með í verkefnalýsingu. Einnig voru skoðuð önnur samfélagsáhrif sem rætt hefur verið um í sambærilegum rannsóknum á samfélagslegum áhrifum virkjana (t.d. Hjalti Jóhannesson og o.fl., 2023). Undir hverjum þætti var niðurstöðum skipt annars vegar í *grunnástand* eða mat á stöðunni í dag og hins vegar *mat á gerð og eiginleika áhrifa*.

3 NIÐURSTÖÐUR SPURNINGAKÖNNUNAR

Niðurstöðum íbúakönnunarinnar er skipt upp í sex undirkafla. Í fyrsta kaflanum er greint frá bakgrunni þátttakenda. Í kafla tvö er greint frá hversu vel þátttakendur töldu sig þekkja til virkjunaráforma í Selárdal. Í kafla þrjú er skoðað hvaða áhrif þátttakendur telja að Kvísatunguvirkjun muni hafa í Strandabyggð. Í kafla fjögur er greint frá svörum þátttakenda varðandi útvist þeirra á virkjunarsvæðinu. Í kafla fimm eru viðhorf þátttakenda til virkjunarframkvæmda skoðuð. Í sjötta kafla er svo greint frá opnum svörum þátttakenda þar sem þeir voru beðnir um að nefna 1-3 af jákvæðustu atriðunum og 1-3 af neikvæðustu atriðunum við að virkjað væri í Selárdal.

3.1 Bakgrunnsupplýsingar

		Fjöldi	%	
Kyn	Karl	86	57,7	57,7%
	Kona	63	42,3	42,3%
Aldur	22-30 ára	8	5,4	5,4%
	31-40 ára	19	12,8	12,8%
	41-50 ára	17	11,4	11,4%
	51-60 ára	30	20,1	20,1%
	61-70 ára	53	35,6	35,6%
	71-80 ára	22	14,8	14,5%
Búseta	500	32	21,5	21,5%
	510	76	51,0	51,0%
	511	39	26,2	26,2%
	512	2	1,3	1,3%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	39	27,7	27,7%
	Stúdentspróf	16	11,3	11,3%
	Iðnnám	25	17,7	17,7%
	Annað starfsnám	14	9,9	9,9%
	Háskólapróf	47	33,3	33,3%
Staða á vinnumarkaði	Launþegi	56	38,4	38,4%
	Sjálfstætt starfandi	45	30,8	30,8%
	Atvinnurekandi	10	6,8	6,8%
	Á eftirlaunum	23	15,8	15,8%
	Öryrki	7	4,8	4,8%
	Annað	5	3,4	3,4%


Mynd 12. Upplýsingar um bakgrunn þátttakenda

Mynd 12 sýnir upplýsingar um bakgrunn þátttakenda. Töluvert hærra hlutfall karla en kvenna tók þátt í könnuninni eða 57,7% á móti 42,3%. Helmingur svarenda bjó á Hólmavík (póstnúmer 510) og helmingur í dreifbýli utan Hólmavíkur (póstnúmer 500, 511 og 512). Rúmlega þriðjungur svarenda var með háskólapróf en þriðjungur var með grunnskólanám eða sambærilega menntun. Tæplega 40% svarenda voru launþegar, um þriðjungur sjálfstætt starfandi, 15,8% voru á eftirlaunum, 6,8% voru atvinnurekendur og 4,8% voru öryrkjar. Undir flokkinn *annað* féllu þeir sem voru í atvinnuleit og námi.

Mynd 12 sýnir að töluverð skekkja var í aldurssamsetningu svarenda þar sem 35,6% voru á aldrinum 61-70 ára en aðeins 5,4% á aldrinum 22-30 ára. Engin svör bárust frá fólki á aldrinum 18-21 árs en 7% þýðisins voru á þeim aldri. Meðalaldur svarenda var 56,5 ár og voru flestir á aldursbilinu 61-70 ára eða 35,6%. Fáir þátttakendur voru á aldrinum 22-30 ára eða 5,4%. Aldurssamsetningin er skekkt á Ströndum þar sem ungt fólk hefur flutt af svæðinu í meira mæli en þeir sem eldri eru en eins og sést (Tafla 1 og Mynd 13) bárust einnig hlutfallslega fá svör frá fólki á aldrinum 18-30 ára miðað við fjölda þeirra í þýðinu. Aftur á móti er skekkjan í aldursflokkunum 61-70 ára í hina áttina, þ.e. að í þýðinu eru 23% á þeim aldri en 36% þátttakanda. Þetta má skýra með því að yngra fólkið er síður með símanúmer sín skráð hjá já.is og var því ekki með í úrtakinu. Spyrnlarnir sem hringdu út könnunina töldu síðan að yngra fólk svaraði síður í síma en það eldra, þegar það þekkti ekki númerið sem hringt væri úr. Þar sem svo fáir voru í yngri hópnum var bakgrunnsbreytunni aldur skipt upp í 59 ára og yngri og 60 ára og eldri. Það þarf því að hafa í huga að þau viðhorf sem koma fram í könnuninni endurspeglar fremur viðhorf þeirra sem eldri eru en yngri kynslóðarinnar. Þar sem úrtakið var lítið var ákveðið að vigta ekki gögnin því þá hefðu tiltölulega fá svör fengið mikið vægi.


Tafla 1. Fjöldi og hlutfall íbúa Strandabyggðar í þýði, úrtaki og svörum

Aldursflokkar	Þýði	Símaúrtak	Svör
22-30 ára	16,3% (67)	8,1% (21)	5,4% (8)
31-40 ára	15,0% (62)	11,9% (31)	12,8% (19)
41-50 ára	11,2% (46)	10,8% (28)	11,4% (17)
51-60 ára	16,0% (66)	20,4% (53)	20,1% (30)
61-70 ára	22,6% (93)	33,1% (86)	35,6% (53)
71-80 ára	11,7% (48)	15,0% (39)	14,8% (22)
Heild	100% (382)	100% (260)	100% (149)



Mynd 13. Hlutfall aldurs svarenda í þýði, úrtaki og svörum

3.2 Þekking á fyrirhuguðum áformum um Kvísatunguvirkjun



Mynd 14. Hversu vel eða lítið þekkir þú til fyrirhugaðra áforma um Kvísatunguvirkjun í Selárdal?

Meirihluti þátttakenda (61,1%) sagðist þekkja mjög eða frekar vel til fyrirhugaðra áforma um Kvísatunguvirkjun. Þriðjungur þátttakenda (32,9%) sagðist hins vegar þekkja mjög eða frekar lítið til þeirra og 6% ekki neitt (Mynd 14). Ekki var hægt að reikna marktækt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum en þegar hlutföllin eru skoðuð má til dæmis sjá að hlutfall þeirra karla sem sögðust þekkja mjög eða frekar vel til áformanna er töluvert hærra en hlutfall kvenna. Einnig er hlutfall þátttakenda í þéttbýli sem töldu sig þekkja mjög eða frekar vel til áformanna töluvert hærra en hlutfall þátttakenda í dreifbýli það getur skýrst af því að Hólmavík er í nágrenni fyrirhugaðs virkjunarsvæðis en aðrir íbúar dreifðir og sumir lengra í burtu frá svæðinu (Tafla 2).

Tafla 2. Hversu vel eða lítið þekkir þú til fyrirhugaðra áforma um Kvíslatunguvirkjun í Selárdal? Eftir bakgrunnsbreytum


	Ekki neitt	Mjög / Frekar lítið	Mjög / Frekar vel	Fjöldi
Heild	6,0%	32,9%	61,1%	149
Karl	3,5%	27,9%	68,6%	86
Kona	9,5%	39,7%	50,8%	63
59 ára og yngri	5,8%	33,3%	60,9%	69
60 ára og eldri	6,3%	32,5%	61,3%	80
Þéttbýli (510)	3,9%	25,0%	71,1%	76
Dreifbýli (500/511/512)	8,2%	41,1%	50,7%	73
Grunnskólanám eða minna	0,0%	41,0%	59,0%	39
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	5,5%	21,8%	72,7%	55
Háskólapróf	8,5%	40,4%	51,1%	47
Launþegi	7,1%	28,6%	64,3%	56
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	5,5%	29,1%	65,5%	55
Á eftirlaunum	8,7%	34,8%	56,5%	23
Annað	0,0%	66,7%	33,3%	12

Ekki var hægt að reikna marktækt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.3 Metin áhrif Kvíslatunguvirkjunar á Strandabyggð

Í rannsókninni var leitast við að skoða hvort Kvíslatunguvirkjun myndi styrkja atvinnu og búsetu í sveitarfélaginu ef af henni yrði og hvort hún myndi hafa áhrif á útvist og ferðapjónustu. Ef íbúar hefðu verið spurðir hversu mikil eða lítil áhrif þeir teldu að virkjunin myndi hafa hefði verið erfitt að meta hvort þeir teldu þetta jákvæð eða neikvæð áhrif. Þess vegna var fólk beðið að svara nokkrum spurningum og meta hversu jákvæð eða neikvæð áhrif það teldi að virkjunin myndi hafa, sjá Mynd 15. Einnig var möguleikinn engin áhrif gefin, þar sem það er ekki sami hluturinn og að telja að framkvæmdir muni hafa áhrif en að þau verði hvorki jákvæð né neikvæð.

3.3.1 Áhrif á störf í Strandabyggð á meðan framkvæmdir standa yfir



Mynd 15. Hvers konar áhrif telur þú að virkjunarframkvæmdir muni hafa á störf í Strandabyggð, á meðan framkvæmdir standa yfir?


Langflestir eða tæplega 90% töldu að virkjunarframkvæmdir myndu hafa jákvæð áhrif á störf í Strandabyggð á framkvæmdatímanum (Mynd 15). Vegna lítillar dreifingar í svörum var ekki hægt að reikna hvort marktækur munur væri út frá bakgrunnsbreytum en þegar þær eru skoðaðar má t.d. sjá að þátttakendur sem höfðu lokið stúdentsprófi eða minna námi voru jákvæðari heldur en þeir sem lokið höfðu háskólaprófi en þeir sem höfðu lokið háskólaprófi voru líklegri til að telja að virkjunin hefði engin áhrif eða hvorki jákvæð né neikvæð (Tafla 3). Þar sem fá svör eru á bak við hvern flokk skal þó túlka þennan mun með varfæni.

Tafla 3. Áhrif á störf í Strandabyggð á meðan framkvæmdir standa yfir eftir bakgrunnsbreytum

	Engin áhrif	Mjög / Frekar neikvæð	Hvorki jákvæð né neikvæð	Mjög / Frekar jákvæð	Fjöldi
Heild	2,1%	0,7%	8,2%	89,0%	146
Karl	2,3%	1,2%	7,0%	89,5%	86
Kona	1,7%	0,0%	10,0%	88,3%	60
59 ára og yngri	1,5%	1,5%	8,8%	88,2%	68
60 ára og eldri	2,6%	0,0%	7,7%	89,7%	78
Þéttbýli (510)	0,0%	1,4%	6,8%	91,9%	74
Dreifbýli (500/511/512)	4,2%	0,0%	9,7%	86,1%	72
Grunnskólanám eða minna	0,0%	0,0%	2,6%	97,4%	38
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	0,0%	0,0%	7,4%	92,6%	54
Háskólapróf	6,5%	2,2%	15,2%	76,1%	46
Launþegi	0,0%	1,9%	11,1%	87,0%	54
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	1,9%	0,0%	5,6%	92,6%	54
Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	13,0%	87,0%	23
Annað	16,7%	0,0%	0,0%	83,3%	12

Ekki var hægt að reikna marktækt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.3.2 Áhrif á sköpun framtíðarstarfa fyrir íbúa Strandabyggðar



Mynd 16. Áhrif á sköpun framtíðarstarfa fyrir íbúa Strandabyggðar


Tæplega 74% þátttakenda svöruðu að virkjunarframkvæmdirnar myndu hafa jákvæð áhrif á sköpun framtíðarstarfa fyrir íbúa Strandabyggðar. Rúmlega 11% þátttakenda töldu hins vegar að virkjunarframkvæmdirnar myndu ekki hafa nein áhrif (Mynd 16). Fjórir þátttakendur töldu að framkvæmdir myndu hafa frekar neikvæð áhrif. Ekki var hægt að reikna marktækt vegna of lítillar svörunar í sumum flokkum en þegar hlutföllin eru skoðuð má til dæmis sjá að þátttakendur sem voru sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur voru líklegri til að telja að áhrifin yrðu jákvæð heldur en aðrir (Tafla 4).

Tafla 4. Áhrif á sköpun framtíðarstarfa fyrir íbúa Strandabyggðar eftir bakgrunnsbreytum

	Engin áhrif	Mjög / Frekar neikvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð	Mjög / Frekar jákvæð áhrif	Fjöldi
Heild	11,3%	2,8%	12,0%	73,9%	142
Karl	10,8%	2,4%	9,6%	77,1%	83
Kona	11,9%	3,4%	15,3%	69,5%	59
59 ára og yngri	6,0%	6,0%	11,9%	76,1%	67
60 ára og eldri	16,0%	0,0%	12,0%	72,0%	75
Þéttbýli (510)	6,9%	4,2%	11,1%	77,8%	72
Dreifbýli (500/511/512)	15,7%	1,4%	12,9%	70,0%	70
Grunnskólanám eða minna	5,4%	0,0%	13,5%	81,1%	37
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	5,8%	3,8%	7,7%	82,7%	52
Háskólapróf	19,6%	4,3%	15,2%	60,9%	46
Launþegi	7,7%	5,8%	17,3%	69,2%	52
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	7,4%	1,9%	7,4%	83,3%	54
Á eftirlaunum	26,1%	0,0%	8,7%	65,2%	23
Annað	18,2%	0,0%	18,2%	63,6%	11

Ekki var hægt að reikna marktækt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.3.3 Áhrif á samkeppnishæfni Strandabyggðar



Mynd 17. Áhrif á samkeppnishæfni Strandabyggðar


Meirihluti þátttakenda (75%) taldi að virkjunarframkvæmdirnar myndu hafa mjög eða frekar jákvæð áhrif á samkeppnishæfni Strandabyggðar. Tæplega 12% þátttakenda töldu hins vegar að virkjunarframkvæmdirnar myndu ekki hafa nein áhrif (Mynd 17) og einnig töldu tæp 12% að þau yrðu hvorki jákvæð né neikvæð. Tveir þátttakendur eða 1,4% töldu að áhrifin yrðu neikvæð. Ekki var hægt að reikna marktekt en þeir sem höfðu ekki lokið háskólaprófi voru líklegri til að telja að framkvæmdin myndi hafa jákvæð áhrif á samkeppnishæfni en þátttakendur með háskólapróf (Tafla 5).

Tafla 5. Áhrif á samkeppnishæfni Strandabyggðar eftir bakgrunnsbreytum

	Engin áhrif	Mjög / Frekar neikvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð	Mjög / Frekar jákvæð áhrif	Fjöldi
Heild	11,8%	1,5%	11,8%	75,0%	136
Karl	11,0%	1,2%	13,4%	74,4%	82
Kona	13,0%	1,9%	9,3%	75,9%	54
59 ára og yngri	7,7%	1,5%	12,3%	78,5%	65
60 ára og eldri	15,5%	1,4%	11,3%	71,8%	71
Þéttbýli (510)	10,1%	2,9%	13,0%	73,9%	69
Dreifbýli (500/511/512)	13,4%	0,0%	10,4%	76,1%	67
Grunnskólanám eða minna	6,1%	0,0%	12,1%	81,8%	33
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	5,8%	1,9%	7,7%	84,6%	52
Háskólapróf	22,7%	2,3%	18,2%	56,8%	44
Launþegi	8,0%	2,0%	8,0%	82,0%	50
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	9,4%	0,0%	13,2%	77,4%	53
Á eftirlaunum	27,3%	4,5%	4,5%	63,6%	22
Annað	11,1%	0,0%	44,4%	44,4%	9

Ekki var hægt að reikna marktekt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.3.4 Áhrif á þróun byggðar í Strandabyggð



Mynd 18. Áhrif á þróun byggðar í Strandabyggð


Mikill meirihluti þátttakenda (70,4%) taldi að virkjunarframkvæmdirnar myndu hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar í Strandabyggð. Tæplega fimmtungur (17,6%) taldi hins vegar að framkvæmdirnar myndu ekki hafa nein áhrif og 11,3% að þau yrðu hvorki jákvæð né neikvæð. Einn taldi að áhrifin yrðu mjög neikvæð (Mynd 18). Vegna of fárra svara í sumum flokkum var ekki hægt að greina marktækan mun eftir bakgrunnsbreytum en þegar hlutföllin eru skoðuð má til dæmis sjá að þeir sem ekki höfðu lokið háskólanámi töldu frekar virkjunarframkvæmdir hefðu jákvæð áhrif en þátttakendur með háskólapróf (Tafla 6).

Tafla 6. Áhrif á þróun byggðar í Strandabyggð eftir bakgrunnsbreytum

	Engin áhrif	Mjög / Frekar neikvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð	Mjög / Frekar jákvæð áhrif	Fjöldi
Heild	17,6%	0,7%	11,3%	70,4%	142
Karl	13,3%	1,2%	14,5%	71,1%	83
Kona	23,7%	0,0%	6,8%	69,5%	59
59 ára og yngri	15,9%	1,4%	13,0%	69,6%	69
60 ára og eldri	19,2%	0,0%	9,6%	71,2%	73
Þéttbýli (510)	16,2%	1,4%	9,5%	73,0%	74
Dreifbýli (500/511/512)	19,1%	0,0%	13,2%	67,6%	68
Grunnskólanám eða minna	11,4%	0,0%	11,4%	77,1%	35
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	11,3%	0,0%	9,4%	79,2%	53
Háskólapróf	28,3%	2,2%	15,2%	54,3%	46
Launþegi	18,5%	1,9%	11,1%	68,5%	54
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	11,3%	0,0%	15,1%	73,6%	53
Á eftirlaunum	31,8%	0,0%	4,5%	63,6%	22
Annað	20,0%	0,0%	10,0%	70,0%	10

Ekki var hægt að reikna marktækt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.3.5 Áhrif á útvist í Selárdal



Mynd 19. Hvers konar áhrif telur þú að virkjunarframkvæmdir muni hafa á útvist í Selárdal?


Rétt rúmlega helmingur svarenda (55,3%) taldi að áhrif Kvísatunguvirkjunar yrðu jákvæð á útvist í Selárdal en tæplega 8,4% töldu hins vegar að áhrifin yrðu neikvæð. Tæplega fjórðungur (22,7%) taldi að virkjunin myndi engin áhrif hafa á útvist (Mynd 19) og 13,4% hvorki jákvæð né neikvæð. Ekki var hægt að reikna marktekt en þegar hlutföllin eru skoðuð virðast karlar frekar telja að jákvæð áhrif verði en konur. Eldri en 60 ára og íbúar á Hólmavík virðast sömuleiðis fremur telja að áhrifin verði jákvæð en 59 ára og yngri og þátttakendur utan Hólmavíkur. Konur og 59 ára og yngri voru líklegust til að segja að áhrifin yrðu hvorki jákvæð né neikvæð (Tafla 7).

Tafla 7. Hvers konar áhrif telur þú að virkjunarframkvæmdir muni hafa á útvist í Selárdal?

	Engin áhrif	Mjög / Frekar neikvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð	Mjög / Frekar jákvæð áhrif	Fjöldi
Heild	22,7%	8,3%	13,6%	55,3%	132
Karl	19,2%	6,4%	11,5%	62,8%	78
Kona	27,8%	11,1%	16,7%	44,4%	54
59 ára og yngri	29,3%	5,2%	17,2%	48,3%	58
60 ára og eldri	17,6%	10,8%	10,8%	60,8%	74
Þéttbýli (510)	22,2%	6,9%	8,3%	62,5%	72
Dreifibýli (500/511/512)	23,3%	10,0%	20,0%	46,7%	60
Grunnskólanám eða minna	21,1%	2,6%	10,5%	65,8%	38
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	17,6%	2,0%	13,7%	66,7%	51
Háskólapróf	32,4%	24,3%	18,9%	24,3%	37
Launþegi	22,9%	8,3%	18,8%	50,0%	48
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	22,9%	2,1%	10,4%	64,6%	48
Á eftirlaunum	17,4%	17,4%	8,7%	56,5%	23
Annað	36,4%	18,2%	18,2%	27,3%	11

Ekki var hægt að reikna marktekt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.3.6 Áhrif á ferðapjónustu í Strandabyggð



Mynd 20. Áhrif á ferðapjónustu í Strandabyggð


Tæplega 60% þátttakenda töldu að virkjunarframkvæmdirnar myndu hafa jákvæð áhrif á ferðapjónustu í Strandabyggð en 5,1% taldi þau verða neikvæð. Rúmlega fjórðungur sagði hins vegar að þær myndu ekki hafa nein áhrif og 12,3% að þau yrðu hvorki jákvæð né neikvæð (Mynd 20). Ekki var hægt að reikna marktekt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum en þegar hlutföllin eru skoðuð má til dæmis sjá að þátttakendur á eftirlaunum eru töluvert jákvæðari en launþegar, sjálfstætt starfandi, atvinnurekendur og þátttakendur í öðrum starfsflokkum (Tafla 8).

Tafla 8 Áhrif á ferðapjónustu í Strandabyggð eftir bakgrunnsbreytum

	Engin áhrif	Mjög / Frekar neikvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð	Mjög / Frekar jákvæð áhrif	Fjöldi
Heild	23,9%	5,1%	12,3%	58,7%	138
Karl	22,2%	2,5%	13,6%	61,7%	81
Kona	26,3%	8,8%	10,5%	54,4%	57
59 ára og yngri	29,7%	4,7%	14,1%	51,6%	64
60 ára og eldri	18,9%	5,4%	10,8%	64,9%	74
Þéttbýli (510)	18,9%	5,4%	13,5%	62,2%	74
Dreifbýli (500/511/512)	29,7%	4,7%	10,9%	54,7%	64
Grunnskólanám eða minna	27,0%	2,7%	10,8%	59,5%	37
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	22,6%	1,9%	11,3%	64,2%	53
Háskólapróf	23,8%	11,9%	16,7%	47,6%	42
Launþegi	22,6%	5,7%	15,1%	56,6%	53
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	31,4%	0,0%	9,8%	58,8%	51
Á eftirlaunum	9,1%	9,1%	9,1%	72,7%	22
Annað	30,0%	20,0%	20,0%	30,0%	10

Ekki var hægt að reikna marktekt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.3.7 Áhrif á landbúnað í Strandabyggð



Mynd 21. Áhrif á landbúnað í Strandabyggð

Um helmingur þátttakenda svaraði að virkjunarframkvæmdirnar myndu hafa jákvæð áhrif á landbúnað í Strandabyggð og 3,6% að þau yrðu neikvæð. Rúmlega þriðjungur svarenda (32,4%) taldi hins vegar að þær myndu ekki hafa nein áhrif og 13,7% hvorki jákvæð né neikvæð (Mynd 21). Vegna of fárra svara í sumum flokkum var ekki hægt að greina marktækan mun eftir bakgrunnsbreytum (Tafla 9).

Tafla 9. Áhrif á landbúnað í Strandabyggð eftir bakgrunnsbreytum


	Engin áhrif	Mjög / Frekar neikvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð	Mjög / Frekar jákvæð áhrif	Fjöldi
Heild	32,4%	3,6%	13,7%	50,4%	139
Karl	34,6%	2,5%	16,0%	46,9%	81
Kona	29,3%	5,2%	10,3%	55,2%	58
59 ára og yngri	29,2%	4,6%	12,3%	53,8%	65
60 ára og eldri	35,1%	2,7%	14,9%	47,3%	74
Þéttbýli (510)	28,6%	7,1%	17,1%	47,1%	70
Dreifbýli (500/511/512)	36,2%	0,0%	10,1%	53,6%	69
Grunnskólanám eða minna	40,0%	2,9%	8,6%	48,6%	35
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	26,4%	3,8%	11,3%	58,5%	53
Háskólapróf	36,4%	4,5%	20,5%	38,6%	44
Launþegi	31,4%	5,9%	13,7%	49,0%	51
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	33,3%	0,0%	14,8%	51,9%	54
Á eftirlaunum	38,1%	4,8%	4,8%	52,4%	21
Annað	30,0%	10,0%	20,0%	40,0%	10

Ekki var hægt að reikna marktækt þar sem of fáir svarendur voru í sumum flokkum

3.4 Útvist þátttakenda á virkjunarsvæðinu

Til að meta mikilvægi virkjunarsvæðisins fyrir útvist voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu stundað útvist þar, þ.e. í Selárdal eða á Ófeigsfjarðarheiði og svöruðu 55% því játandi og 45% neitandi, sjá Mynd 22.

3.4.1 Hefur þú stundað útvist á virkjunarsvæðinu?



Mynd 22. Hefur þú stundað útvist á virkjunarsvæðinu, það er í Selárdal eða á Ófeigsfjarðarheiði?

Marktækur munur var á svörum eftir aldri, búsetu og stöðu á vinnumarkaði. Yngri en 59 ára voru líklegri en 60 ára og eldri til þess að hafa stundað útvist á svæðinu eða 68% á móti 44%. Einnig höfðu 63% íbúa í póstnúmeri 510 stundað útvist á svæðinu á móti 47% í póstnúmerum 500, 511 og 512. Þá voru þátttakendur sem voru sjálfstætt starfandi líklegri heldur en launþegar, þátttakendur á eftirlaunum og þátttakendur í öðrum starfsflokkum til að hafa stundað útvist á virkjunarsvæðinu (


Tafla 10).

Tafla 10. Útvist þátttakenda á virkjunarsvæðinu, eftir bakgrunnsbreytum

	Já	Nei	Fjöldi
Heild	55,0%	45,0%	149
Karl	57,0%	43,0%	86
Kona	52,4%	47,6%	63
59 ára og yngri **	68,1%	31,9%	69
60 ára og eldri	43,8%	56,3%	80
Þéttbýli (510) *	63,2%	36,8%	76
Dreifibýli (500/511/512)	46,6%	53,4%	73
Grunnskólanám eða minna	46,2%	53,8%	39
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	65,5%	34,5%	55
Háskólapróf	55,3%	44,7%	47
Launþegi *	58,9%	41,1%	56
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	61,8%	38,2%	55
Á eftirlaunum	47,8%	52,2%	23
Annað	33,3%	66,7%	12

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

3.4.2 Hvaða útvist hafa íbúar stundað á virkjunarsvæðinu




Mynd 23. Hvers konar útvist hefur þú stundað á virkjunarsvæðinu?

Þátttakendur voru í framhaldinu spurðir hvaða útvist þeir hefðu stundað. Þegar allir svarendur eru skoðaðir höfðu 45 eða 30% íbúa stundað skíðagöngu og 44 eða 29,5% gönguferðir, 7 höfðu farið á snjósleða en 2-4 höfðu stundað aðra útvist (Mynd 23). Þegar bara þeir 80 voru skoðaðir sem höfðu stundað einhverja útvist og svöruðu hvaða útvist það var, hafði rúmlega helmingur þeirra stundað skíðagöngu og gönguferðir og 22,5% snjósleðaferðir.

3.5 Viðhorf til virkjunarframkvæmda

Til að mæla viðhorf þátttakenda til umhverfis- og nýtingarsjónarmiða hvað varðar virkjun í Selárdal voru tvær fullyrðingaspurningar notaðar. Annars vegar *það ætti að halda fyrirhuguðu virkjunarsvæði ósnortnu vegna umhverfissjónarmiða* og hins vegar *fyrirhugað virkjunarsvæði er góð staðsetning þar sem það er í ónýttum óbyggðum*.

3.5.1 Það ætti að halda fyrirhuguðu virkjunarsvæði ósnortnu vegna umhverfissjónarmiða



Mynd 24. Það ætti að halda fyrirhuguðu virkjunarsvæði ósnortnu vegna umhverfissjónarmiða


Tæplega 65% þátttakenda sögðust vera mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni *það ætti að halda fyrirhuguðu virkjunarsvæði ósnortnu vegna umhverfissjónarmiða* á meðan rúmlega 20% þeirra voru mjög eða frekar sammála henni og 12% hvorki sammála né ósammála (Mynd 24). Bakgrunnsbreytur höfðu ekki marktæk áhrif (Tafla 11).

Tafla 11. Það ætti að halda fyrirhuguðu virkjunarsvæði ósnortnu vegna umhverfissjónarmiða, eftir bakgrunnsbreytum

	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal
Heild	40,1%	24,6%	12,0%	9,2%	14,1%	142	2,3
Karl	40,2%	26,8%	11,0%	8,5%	13,4%	82	2,3
Kona	40,0%	21,7%	13,3%	10,0%	15,0%	60	2,4
59 ára og yngri	43,1%	24,6%	12,3%	10,8%	9,2%	65	2,2
60 ára og eldri	37,7%	24,7%	11,7%	7,8%	18,2%	77	2,4
Þéttbýli (510)	43,2%	20,3%	8,1%	13,5%	14,9%	74	2,4
Dreifbýli (500/511/512)	36,8%	29,4%	16,2%	4,4%	13,2%	68	2,3
Grunnskólanám eða minna	43,6%	28,2%	7,7%	10,3%	10,3%	39	2,2
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	50,0%	25,0%	9,6%	5,8%	9,6%	52	2,0
Háskólapróf	30,2%	25,6%	16,3%	11,6%	16,3%	43	2,6
Launþegi	40,0%	21,8%	12,7%	9,1%	16,4%	55	2,4
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	39,2%	29,4%	15,7%	7,8%	7,8%	51	2,2
Á eftirlaunum	50,0%	22,7%	4,5%	4,5%	18,2%	22	2,2
Annað	36,4%	27,3%	0,0%	18,2%	18,2%	11	2,5

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

3.5.2 Fyrirhugað virkjunarsvæði er góð staðsetning þar sem það er í ónýttum óbyggðum



Mynd 25. Fyrirhugað virkjunarsvæði er góð staðsetning þar sem það er í ónýttum óbyggðum


Mikill meirihluti þátttakenda (85%) sagðist vera mjög eða frekar sammála fullyrðingunni *fyrirhugað virkjunarsvæði er góð staðsetning þar sem það er í ónýttum óbyggðum* á meðan tæplega 10% þeirra voru mjög eða frekar ósammála (Mynd 25). Marktækur munur mældist eftir búsetu en þátttakendur búsettir í þéttbýli voru líklegri til þess að vera sammála fullyrðingunni ($\bar{x}=4,6$) heldur en þátttakendur búsettir í dreifbýli ($\bar{x}=4,0$). Einnig mældist marktækur munur eftir menntun en þátttakendur með háskólapróf voru líklegri til þess að vera ósammála fullyrðingunni ($\bar{x}=3,9$) heldur en þátttakendur sem höfðu lokið grunnskólanámi eða minna ($\bar{x}=4,6$) og stúdentsprófi, iðnnámi eða öðru starfsnámi ($\bar{x}=4,5$). Að auki mældist marktækur munur eftir stöðu á vinnumarkaði en þátttakendur á eftirlaunum voru líklegri til þess að vera ósammála fullyrðingunni ($\bar{x}=3,7$) heldur en launþegar ($\bar{x}=4,4$), sjálfstætt starfandi og atvinnurekendur ($\bar{x}=4,4$) og þátttakendur í öðrum starfsflokkum ($\bar{x}=4,5$) (Tafla 12).

Tafla 12. Fyrirhugað virkjunarsvæði er góð staðsetning þar sem það er í ónýttum óbyggðum, eftir bakgrunnsbreytum

	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal
Heild	4,4%	5,1%	5,8%	28,5%	56,2%	137	4,3
Karl	6,1%	1,2%	6,1%	29,3%	57,3%	82	4,3
Kona	1,8%	10,9%	5,5%	27,3%	54,5%	55	4,2
59 ára og yngri	1,7%	5,0%	6,7%	20,0%	66,7%	60	4,5
60 ára og eldri	6,5%	5,2%	5,2%	35,1%	48,1%	77	4,1
Þéttbýli (510) **	0,0%	2,8%	4,2%	27,8%	65,3%	72	4,6
Dreifbýli (500/511/512)	9,2%	7,7%	7,7%	29,2%	46,2%	65	4,0
Grunnskólanám eða minna **	0,0%	0,0%	5,3%	28,9%	65,8%	38	4,6
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	3,9%	0,0%	3,9%	27,5%	64,7%	51	4,5
Háskólapróf	7,5%	12,5%	7,5%	27,5%	45,0%	40	3,9
Launþegi *	2,0%	3,9%	7,8%	25,5%	60,8%	51	4,4
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	2,0%	2,0%	8,0%	28,0%	60,0%	50	4,4
Á eftirlaunum	17,4%	8,7%	0,0%	39,1%	34,8%	23	3,7
Annað	0,0%	10,0%	0,0%	20,0%	70,0%	10	4,5

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

3.5.3 Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að virkjun í Selárdal muni skapa deilur í Strandabyggð vegna þess að íbúar séu ósammála um virkjanaframtækni?



Mynd 26. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að virkjun í Selárdal muni skapa deilur í Strandabyggð vegna þess að íbúar séu ósammála um virkjanaframtækni?


Meirihluta svarenda (66,6%) þótti ólíklegt að Kvísatunguvirkjun myndi skapa deilur í Strandabyggð (Mynd 26). Um fjórðungur (24,1%) svaraði því hins vegar að þeim þætti það mjög eða frekar líklegt og var það svipað og hlutfall þeirra sem töldu að halda ætti svæðinu ósnortnu. Tafla 13 sýnir að marktækur munur mældist eftir aldri en þátttakendum á aldursbilinu 59 ára og yngri ($\bar{x}=2,5$) fannst líklegra að deildur myndu skapast en þeim sem voru 60 ára og eldri ($\bar{x}=2,0$). Einnig var marktækur munur eftir menntun en þátttakendur með háskólapróf ($\bar{x}=2,6$) voru líklegri til þess að eiga von á deilum heldur en þátttakendur sem höfðu lokið grunnskólanámi eða minna ($\bar{x}=1,8$) og stúdentsprófi, iðnnámi eða öðru starfsnámi ($\bar{x}=2,2$).

Tafla 13. Telja svarendur að Kvísatunguvirkjun muni skapa deilur í Strandabyggð, eftir bakgrunnsbreytum

	Mjög ólíklegt	Frekar ólíklegt	Hvorki líklegt né ólíklegt	Frekar líklegt	Mjög líklegt	Fjöldi	Meðaltal
Heild	40,4%	26,2%	9,2%	19,1%	5,0%	141	2,2
Karl	44,4%	28,4%	8,6%	16,0%	2,5%	81	2,0
Kona	35,0%	23,3%	10,0%	23,3%	8,3%	60	2,5
59 ára og yngri *	28,4%	28,4%	13,4%	23,9%	6,0%	67	2,5
60 ára og eldri	51,4%	24,3%	5,4%	14,9%	4,1%	74	2,0
Þéttbýli (510)	43,1%	29,2%	8,3%	13,9%	5,6%	72	2,1
Dreifibýli (500/511/512)	37,7%	23,2%	10,1%	24,6%	4,3%	69	2,3
Grunnskólanám eða minna *	55,6%	25,0%	8,3%	11,1%	0,0%	36	1,8
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	40,7%	25,9%	9,3%	20,4%	3,7%	54	2,2
Háskólapróf	25,6%	32,6%	9,3%	23,3%	9,3%	43	2,6
Launþegi	36,5%	30,8%	5,8%	19,2%	7,7%	52	2,3
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	41,2%	27,5%	13,7%	15,7%	2,0%	51	2,1
Á eftirlaunum	43,5%	21,7%	8,7%	21,7%	4,3%	23	2,2
Annað	50,0%	16,7%	8,3%	25,0%	0,0%	12	2,1

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

3.5.4 Þegar á heildina er litið hvernig er viðhorf þitt til Kvísatunguvirkjunar?



Mynd 27. Þegar á heildina er litið hvernig er viðhorf þitt til Kvísatunguvirkjunar?

Mikill meirihluti þátttakenda eða 83,1% þátttakenda svaraði því að viðhorf þeirra til Kvísatunguvirkjunar væri jákvætt og einungis 7,4% svarenda sögðu að viðhorf þeirra væri neikvætt (Mynd 27). Marktækur munur mældist eftir búsetu en þátttakendur búsettir í þéttbýli voru örlítið jákvæðari ($\bar{x}=4,5$) heldur en þátttakendur búsettir í dreifbýli ($\bar{x}=4,2$) (Tafla 14). Einnig mældist marktækur munur eftir menntun en þátttakendur sem höfðu lokið grunnskólanámi eða minna og stúdentspróf, iðnnám eða öðru starfsnám voru jákvæðari ($\bar{x}=4,6$) heldur en þátttakendur með háskólapróf ($\bar{x}=4,0$)

Tafla 14. Heildarviðhorf þátttakenda til Kvísatunguvirkjunar, eftir bakgrunnsbreytum

	Mjög neikvætt	Frekar neikvætt	Hvorki jákvætt né neikvætt	Frekar jákvætt	Mjög jákvætt	Fjöldi	Meðaltal
Heild	2,7%	4,7%	9,5%	20,9%	62,2%	148	4,4
Karl	1,2%	5,8%	5,8%	20,9%	66,3%	86	4,5
Kona	4,8%	3,2%	14,5%	21,0%	56,5%	62	4,2
59 ára og yngri	2,9%	2,9%	13,0%	20,3%	60,9%	69	4,3
60 ára og eldri	2,5%	6,3%	6,3%	21,5%	63,3%	79	4,4
Þéttbýli (510) *	4,0%	0,0%	5,3%	18,7%	72,0%	75	4,5
Dreifbýli (500/511/512)	1,4%	9,6%	13,7%	23,3%	52,1%	73	4,2
Grunnskólanám eða minna **	0,0%	0,0%	7,7%	23,1%	69,2%	39	4,6
Stúdentspróf / iðnnám / annað starfsnám	0,0%	3,6%	9,1%	12,7%	74,5%	55	4,6
Háskólapróf	6,5%	6,5%	10,9%	32,6%	43,5%	46	4,0
Launþegi	5,5%	3,6%	10,9%	16,4%	63,6%	55	4,3
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	0,0%	1,8%	5,5%	27,3%	65,5%	55	4,6
Á eftirlaunum	4,3%	8,7%	13,0%	21,7%	52,2%	23	4,1
Annað	0,0%	8,3%	8,3%	16,7%	66,7%	12	4,4

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

3.6 Opnar spurningar

Til að fá innsýn í hvaða þættir skiptu mestu máli í hugum fólks varðandi áform um Kvíslatunguvirkjun voru þátttakendur spurðir hvort þeir gætu nefnt 1-3 atriði sem þeir teldu vera það jákvæðasta við að virkjað verði í Selárdal og síðan hvort þeir gætu nefnt 1-3 atriði sem þeir teldu vera það neikvæðasta við að virkjað verði í Selárdal. Spyrnlarnir skráðu svörin niður og þau svör sem voru samhljóðandi voru flokkuð saman, t.d. þeir sem nefndu raforkuöryggi með mismunandi orðalagi. Þegar merkingin var svipuð en ekki alveg sú sama voru setningarnar hafðar óbreyttar. Síðan var búið til orðaský með forritinu Wordart.com. Orðaskýið sýnir öll svör sem bárust og stærð þeirra fer eftir hversu margir nefndu það atriði (Mynd 28 og Mynd 29). Þannig eru smæstu línurnar þau svör sem einn þátttakandi nefndi

3.6.1 Geturðu nefnt 1-3 atriði sem þú telur vera það jákvæðasta við að virkjað verði í Selárdal?



Mynd 28. Þau atriði sem voru nefnd sem jákvæðustu atriðin við að virkjað yrði í Selárdal

Þegar skoðað var hvað svarendum fannst jákvæðast við að virkjað yrði í Selárdal má sjá á myndinni hér að ofan að flestir nefndu *raforkuöryggi* (74 þátttakendur). Þar á eftir kom *aukin raforkuframleiðsla* (32 svarendur), *minni notkun díselolíu* (21 þátttakandi) og *aukin atvinnutækifæri* (15 svarendur). Í viðauka 3, bls. 51 má sjá öll svörin og tíðni svara.

3.6.2 Geturðu nefnt 1-3 atriði sem þú telur vera það neikvæðasta við að virkjað verði í Selárdal?



Mynd 29. Þau atriði sem voru nefnd sem neikvæðustu atriðin við að virkjað yrði í Selárdal

Mynd 29 sýnir að langflestir töldu að það neikvæðasta við virkjunarframkvæmdir væri slæm áhrif á náttúruna þó það hafi verið orðað með ýmsum hætti. Oftast komu setningarnar *áhrif á umhverfið*, *raskar umhverfinu* og *slæm áhrif á náttúruna*. Hver þessara setninga hafði 4 þátttakendur á bak við sig þar sem mun færri neikvæðir þættir voru nefndir en jákvæðir. Öll svör og fjölda þátttakenda á bak við þau má sjá í viðauka 4, bls. 52.

Þegar kostur er gefinn á opnum svörum í spurningakönnunum finnst fólki það stundum ekki hafa neitt fleira til málanna að leggja og fá svör berast. Því hlýtur það að teljast merki um að íbúar Strandabyggð láti áform um Kvísatungu sig varða og hafi skoðun á þeim að 115 eða 77% svarenda nefndu eitt eða fleiri jákvæð atriði og 31 eða 21% þátttakenda nefndu einn eða fleiri neikvæða þætti. Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði bárust 186 dæmi um jákvæða þætti en 43 dæmi um neikvæð atriði. Þetta rímar við þá niðurstöður að 83% íbúa séu frekar eða mjög jákvæðir gagnvart virkjunarframkvæmdum (Mynd 27 hér að framan).

4 NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA VIÐ HAGADILA

Þegar horft var til samfélagslegra áhrifa Kvíslatunguvirkjunar var annars vegar reynt að festa hönd á áhrif á virkjunarsvæðið sjálft hvað varðar útivist og ferðapjónustu í Selárdal. Hins vegar var horft til áhrifa á samfélagið í Strandabyggð í heild sinni og eftir atvikum áhrifa á nærliggjandi sveitarfélög.

Til að fá betri mynd af samfélagslegum áhrifum á sjálfu virkjunarsvæðinu var rætt við hagaðila í útivist og ferðapjónustu. Til að skoða áhrifin í víðara samhengi og afla upplýsinga um staðhætti var auk þess haft samband við fulltrúa Strandabyggðar, Vestfjarðastofu, Orkubús Vestfjarða, Galdrasafnsins á Ströndum, bænda og Rannsóknaseturs HÍ í Þjóðfræði á Ströndum, sjá viðmælendaskrá í viðauka 2, bls. 50). Rætt var við fólk í síma eða í gegnum Teams og viðtöl tekin upp þegar þau voru formleg en annars voru punktar skrifaðir upp jafnóðum. Margir þeirra sem hringt var í höfðu fleiri en einn hatt og gátu því veitt viðtækari upplýsingar um efnið, t.d. bóndi sem einnig var í forsvari fyrir útivistarfélag og verktaki sem einnig bauð upp á ferðapjónustu. Í samræmi við aðferðafræði sem þróuð hefur verið til að meta samfélagsleg áhrif (t.d. Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson, 2023) er hver þáttur skoðaður með tilliti til ástandsins eins og það var þegar viðtölin fóru fram (*grunnástand*) og með tilliti til *gerðar og eiginleika* þeirra áhrifa sem gert er ráð fyrir.

4.1 Útivist

4.1.1 Grunnástand

Samkvæmt viðmælendum er Selárdalur mikilvægt útivistarsvæði, bæði sumar og vetur. Á veturna er rekið öflugt skíðastarf og á sumrin er veitt í Selá. Hvað varðar hálendið upp úr Selárdal og Ófeigsfjarðarheiði voru viðmælendur sammála um að fáir færu þar um og þá helst Íslendingar. Þangað liggur enginn vegur og aðgengi er því slæmt. Talað var um að á hálendinu væri landið grýtt og gróður snautt. Það væri flatt og því ekki hægt að tala um fagurt útsýni. Einnig væri veðrasamt og oft þoka.

4.1.2 Gerð og eiginleikar áhrifa

Enginn af þeim sem rætt var við taldi að Kvíslatunguvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif hvað útivist varðar. Þeir sögðu líklegra að áhrifin yrðu jákvæð og myndu bæta aðstæður til útivistar. Viðmælendur höfðu ekki áhyggjur af að stöðvarhúsið myndi trufla upplifun þeirra sem færu um dalinn og einn sagði að landeigendur hefðu sett það skilyrði að það yrði látið falla inn í umhverfið eins og hægt væri. Ekki virðist vera farið með fólk í skipulagðar gönguferðir en eitthvað er um að fólk gangi um á eigin vegum en gönguleið er frá Þjóðbrókargili yfir í Staðardal. Viðmælandi sem sagðist vera mikið í dalnum á sumrin sagðist þó aldrei hafa séð neinn ganga þessa leið og að fólk keyrði almennt ekki um dalinn í erindisleysi. Skotveiði og berjatínsla eru bönnuð nema fyrir landeigendur.

Í Selárdal er Skíðafélag Strandamanna búið að byggja upp aðstöðu til að æfa og iðka skíðagöngu og þar æfa 35-40 börn og ungmenni skíði, 4-5 sinnum í viku. Að sögn viðmælenda er þetta um þriðjungur allra barna á svæðinu en þau koma einnig frá Kaldrananeshreppi og Reykhólahreppi. Samkvæmt formanni félagsins hefur

félagið alið upp nokkra Íslandsmeistara í greininni. Segja má að uppbygging skíðasvæðisins sé byggðamál því viðmælandi frá skíðafélaginu sagði að foreldrar horfðu til þess hvað væri í boði fyrir börnin þegar ákvörðun væri tekin um búsetu á svæðinu. Svæðið er ekki síður mikilvægt útivistarsvæði fyrir fullorðna íbúa sveitarfélagsins.

Talað var við bæði formann og ritara Skíðafélagsins og töldu þau ekki að virkjunarframkvæmdir myndu hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem stunduðu gönguskíði í dalnum. Þau sáu hins vegar fyrir sér ýmis möguleg jákvæð áhrif. Aðstæður til snjóframleiðslu gætu batnað með tilkomu virkjunarinnar. Öll vegagerð tengd virkjuninni yrði til bóta, hugmyndir væru uppi um að vegsvæðið yrði það breitt að útbúa mætti skíðabraut meðfram veginum. Einnig gæti færð og aðgengi batnað á veturna ef uppbygging yrði á veginum sem liggur að skíðasvæðinu. Þá gæti vegur upp á fjallið orðið til þess að lengja skíðatímabilið því þar væru svæði með snjó langt fram á vor og jafnvel snemma á haustin. Nefnt var að aðstaða til skíðaiðkunar hefði stórbatnað á Húsavík þegar vegurinn að Þeistareykjavirkjun var gerður. Einnig stóðu vonir til þess að með tilkomu virkjunarinnar yrði lagt þriggja fasa rafmagn í dalinn og þá yrði t.d. hægt að nota rafknúinn búnað í skíðaskálanum sem ekki er mögulegt núna. Viðmælendur skíðafélagsins sögðu að OV hefði stutt og aðstoðað við uppbyggingu svæðisins áður en hugmyndir komu upp um Kvíslatunguvirkjun og töldu líklegt að Skíðafélagið yrði látið njóta góðs af virkjunarframkvæmdum á svæðinu.

Formaður Veiðfélags Selár og aðrir sem rætt var við töldu sömuleiðis ólíklegt að Kvíslatunguvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á veiði í ánni þar sem vatnasvæði hennar væri mjög stórt. Þó væri erfitt að spá um þetta þar sem enginn fiskateljari væri í ánni og því ekki hægt að fylgjast með fiskgengd. Æskilegt væri að setja upp fiskiteljara áður en virkjað væri til að geta fylgst með áhrifum framkvæmdanna. Hann taldi að mögulega yrðu jákvæð áhrif á veiði í ánni því hún væri köld og talið væri að vatnið fyrir neðan virkjun myndi hitna vegna viðkomu í uppistöðulónum á heiðinni. Einnig yrði skoðað að grafa skurð í nágrenni virkjunarinnar til að stuðla að uppeldi seiða. Virkjunin myndi koma betra jafnvægi á rennsli árinna neðan virkjunar en í leysingum og rigningum verður hún mjög vatnsmikil og getgátur eru um að eldissvæði fiskanna geti skolast burt. Þá gæti vegagerð bætt aðgengi veiðimanna að ánni. Eins og talsmenn skíðasvæðisins hafði formaður veiðifélagsins jákvæðar væntingar til samstarfs við Orkubúið. Hann sagði að OV sæi um Víðidalsá á Ströndum og hefði sleppt þar seiðum og að það væri ein besta veiðiáin á Ströndum.

Samkvæmt viðmælendum er Selárdalur ekki gott svæði til að fara um á snjósleðum þar sem mikið er af hættulegum giljum. Þeir sem stunda snjósleða-, jeppa- og hestaferðir hafa önnur hentugri svæði í nágrenninu til að fara um.

4.2 Ferðaþjónusta

4.2.1 Grunnástand

Viðmælendur töldu að Strandabyggð ætti töluvert inni hvað uppbyggingu á ferðaþjónustu varðar. Bent var á að Hólmavík væri vel staðsett sem einskonar tengimiðstöð fyrir Vestfirði þar sem vegalengdin þangað væri um 230 km frá bæði Reykjavík og Ísafirði, um 150 km frá Borgarnesi og um 200 km frá Blönduósi en að hótél vantaði til að hægt væri að taka á móti stórum hópum í gistingu, t.d. farþegum í stórum rútum. Erlendir ferðamenn koma fyrst og fremst á sumrin og erfitt er að halda uppi ferðaþjónustu allt árið. Ýmis ferðaþjónusta í Strandabyggð er einungis rekin yfir sumartímann þegar flestir eru á ferðinni. Þar má nefna hvalaskoðunarfyrtækið Láki Tours og Strandahesta sem bjóða upp á hestaferðir en að sögn viðmælenda er reiðleiðin sem farin er ekki í gegnum Selárdal. Einnig er boðið upp á bátsferðir út í Grímsey í Steingrímsfirði að skoða lunda. Galdrasafnið á Ströndum er opið allt árið og hefur að markmiði að styðja við byggð og byggðapróun svo sem með Galdrasýningunni, rannsóknum og bókaútgáfu en reksturinn er erfiður á veturna. Framkvæmdastjóri safnsins sagði að samlegðaráhrif væru af ferðaþjónustu og þar væri t.d. aukin aðsókn þegar hópar koma í bæinn í hvalaskoðun, sbr. það sem kom fram að ofan hjá hótélstýru Hótel Laugarhóls.

Lítið er um ferðamenn í Selárdal fyrir utan þá sem koma á skíði og í veiði og eru það mestmegnis Íslendingar. Í samstarfi við Hótel Laugarhól í Bjarnarfirði koma 11 hópar á skíðanámskeið yfir veturinn og gista á hótelinu í tvær nætur. Samkvæmt hótélstýrunni þar er þetta mjög mikilvægur þáttur í að hægt sé að halda hótelinu opnu yfir veturinn. Um 200 manns sækja Strandagönguna sem er stærsti íþróttaviðburðurinn á Ströndum. Nýlega var fjárfest í búnaði til að hægt sé að bjóða upp á skíðaskotfimi og verður fyrsta tveggja daga skíðaskotfiminámskeiðið haldið 17.-18. febrúar 2024 og fyrsta mótið 10. mars. Þetta er fyrsta skíðasvæði á landinu sem býður upp á skíðaskotfimi.

4.2.2 Gerð og eiginleikar áhrifa

Um þúsund heimsóknir eru á skíðasvæðið ár hvert og með frekari uppbyggingu, svo sem snjóframleiðslu þegar snjólétt er, væri hægt að markaðssetja svæðið fyrir erlenda ferðamenn, að sögn viðmælenda skíðafélagsins. Uppbygging skíðasvæðisins er mjög mikilvæg fyrir samfélagið og einnig afleidd þjónusta eins og sala á gistingu og veitingum fyrir þá sem sækja námskeið og viðburði. Vetrarferðamennska stuðlar að því að hægt sé að bjóða upp á þjónustu svo sem gistingu og veitingasölu allt árið.

Viðmælandi sem er með snjósleðaferðir á Ströndum sagðist ekki sjá fyrir sér nein neikvæð áhrif virkjunar á snjósleðaferðir. Hann taldi ekki að svæðinu yrði raskað þannig að lýti yrðu af framkvæmdunum að því gefnu að vel væri gengið frá mannvirkjum.

4.3 Önnur samfélagsáhrif

4.3.1 Grunnástand

Viðmælendum var tíðrætt um nauðsyn þess að tryggja framboð raforku og raforkuöryggi á Vestfjörðum. Skerðing Landsnets á raforku frá 19. janúar til 30. apríl 2024 þýddi meðal annars að loka þurfti sundlauginni á Hólmavík í nokkra mánuði (Mynd 30). Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra Strandabyggðar hefði kostað 20 milljónir króna að kynda hana með notkun dísilolíu. Lokun sundlaugarinnar þýðir að ekki er hægt að uppfylla lögbundna sundkennslu og íbúar og ferðamenn geta ekki farið í sund sér til heilsubótar og skemmtunar. Einnig þýðir lokunin tekjutap fyrir sveitarfélagið.

Lokun sundlaugar

19. janúar 2024 | Bára Örk Melsted

Kæru íbúar Strandabyggðar,

Nú er hafin skömmtun á rafmagni með tilheyrandi oliukyndingu. Af þessum sökum þarf að loka sundlauginni í ótilgreindan tíma. Eins verður notkun á pottum takmörkuð, en þó ávallt einn pottur opin. Og gufubaðið er alltaf opið.

Kveðja

Skrifstofa Strandabyggðar.



Mynd 30. Tilkynning á vef Strandabyggðar um tímabundna lokun sundlaugarinnar vegna rafmagnsskorts (Bára Örk Melsted, 2024).

4.3.2 Gerð og eiginleikar áhrifa

Viðmælendur voru sammála um að aukið aðgengi að raforku og aukið raforkuöryggi væri gífurlega mikilvægt fyrir uppbyggingu atvinnulífs í Strandabyggð. Aukin raforka myndi skapa möguleika fyrir sveitarfélagið á að bjóða orkufrekum fyrirtækjum á staðinn. Þarna mætti t.d. hugsa sér gagnaver þar sem ljósleiðari er á staðnum. Tilraunaboranir eftir heitu vatni hafa staðið yfir á Gálmaströnd án árangurs en ef heitt vatn finnst og aukið og tryggt aðgengi verður á raforku sagði sveitarstjóri að viljayfirlýsing um uppbyggingu á fiskeldi á landi lægi fyrir.

Viðmælendur gerðu einnig ráð fyrir innspýtingu í samfélagið á meðan að á virkjanaframkvæmdum stæði. Störf myndu skapast, t.d. fyrir minni verktaka í jarðvegs- og smíðavinnu og dvöl aðkomumanna hefði einnig áhrif í formi aukinnar verslunar og þjónustu. Ekki voru væntingar um að mörg framtíðarstörf myndu skapast við sjálfa virkjunina.

Sauðfjárnúskapur hefur löngum verið helsta atvinnubúgreinin í Strandabyggð en þar eru engin kúabú lengur. Í Selárdal er einungis búið á einum bæ, Geirmundastöðum en þar er ekki lengur skepnuhald. Þó þarf að smala

dalinn þar sem þar ganga kindur frá nærliggjandi bæjum svo sem Stakkanesi og Stað. Viðmælendur töluðu um að svæðið væri erfitt yfirferðar og að vegagerð vegna virkjunarframkvæmda myndi mögulega bæta aðstæður til smalamennsku. Að öðru leyti töldu þeir sem rætt var við að Kvíslatunguvirkjun myndi ekki hafa áhrif á landbúnað á svæðinu nema hvað afhendingaröryggi raforku væri alltaf til bóta, t.d. kom fram í einu viðtalinu að rafmagni hafði þegar slegið tvisvar út þann daginn. Viðmælendur töluðu um kostnað við að endurnýja dýr tæki sem skemmdust þegar skyndileg breyting og útsláttur yrðu á rafmagni og einnig var tekið dæmi um að rafmagn hefði farið af í miðri átöppun á bjór í brugghúsinu á Hól mavík og lögunin eyðilagst.

Eitt af því sem skoðað er þegar verið er að meta samfélagsleg áhrif virkjanaframkvæmda eru líkur á deilum vegna framkvæmdanna á milli þeirra sem vilja nýta náttúruauðlindir til raforkuframleiðslu og þeirra sem eru á móti virkjanaframkvæmdum vegna náttúruverndarsjónarmiða. Slíkar deilur geta haft mikil áhrif í litlum samfélögum. Þeir sem rætt var við töldu að almennt væru íbúar Strandabyggðar fylgjandi virkjunarframkvæmdum, þar sem þær væru nauðsynlegar til að tryggja raforkuöryggi og frekari uppbyggingu á svæðinu. Sumir höfðu þó áhyggjur af því að neikvæð umræða myndi skapast um virkjunarframkvæmdir og þá helst frá fólki sem ekki væri búsett á svæðinu (sjá nánar í samantekt á niðurstöðum í kafla 5.4).

5 SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA ÚR SPURNINGAKÖNNUN OG VIÐTÖLUM

Í þessum kafla verður leitast við að draga saman niðurstöður úr spurningakönnuninni og viðtölunum og svara þeim út frá eftirfarandi matsspurningum úr matsáætlun Kvísatunguvirkjunar (Einar Jónsson o.fl., 2023).

Matsspurningar – grunnástand

- Hvert er mikilvægi svæðisins fyrir útvist og ferðamennsku?
- Hversu viðkvæmt er svæðið, þ.e. hverjir eru möguleikar þess að halda eða ná aftur grunnástandi?

Matsspurningar - gerð og eiginleikar áhrifa

- Er framkvæmdin líkleg til að styrkja atvinnu og búsetu í sveitarfélaginu?
- Er framkvæmdin líkleg til að auka þol gagnvart samfélags- umhverfisbreytingum?
- Hversu líklegt er að framkvæmdin hafi áhrif á nýtingu lands til landbúnaðar og ferðamennsku?
- Hversu sýnileg er framkvæmdin frá helstu útvistarsvæðum og hvernig gæti hún breytt aðráttaraflí svæðisins?
- Hversu líklegt er að framkvæmdin hafi áhrif á komur ferðamanna á svæðið og hversu lengi má gera ráð fyrir að áhrifin vari?
- Hver er varanleiki áhrifa?

Auk þess eru dregnar saman niðurstöður um viðhorf heimamanna til Kvísatunguvirkjunar og líkur á að fyrirhugaðar framkvæmdir muni valda deilum í samfélaginu.

Matsspurning – hver eru viðhorf heimamanna til Kvísatunguvirkjunar

Matsspurning – er líklegt að Kvísatunguvirkjun eða áform um virkjunina valdi deilum í samfélaginu.

5.1 Matsspurningar – grunnástand

5.1.1 Hvert er mikilvægi svæðisins fyrir útvist og ferðamennsku?

Í spurningakönnuninni sögðust 82 af þeim sem spurðir voru (55%) hafa stundað útvist á svæðinu, langflestir skíði eða gönguferðir en einnig voru nefnd dæmi um snjósleðaferðir, skotveiði, stangveiði, jeppaferðir, hestamennsku, fjárleitir og hjóla/mótorhjólaferðir. Í Selárdal er eina skíðasvæðið á Ströndum og er þar stundað bæði æskulýðsstarf og vetrarferðamennska. Einnig er stunduð veiði á silungi og laxi í Selá. Veiðin er ekki umfangsmikil og skilar ekki verulegum tekjum en þeir sem hana stunda koma víða að og skapa tekjur fyrir þá sem selja gistingu, veitingar og nýlenduvörur. Einnig er falleg gönguleið meðfram Þjóðbrókargili og þaðan er merkt gönguleið yfir í Staðardal. Því má segja að svæðið sé mjög mikilvægt fyrir útvist og ferðamennsku þó þangað komi ekki margir erlendir ferðamenn.

5.1.2 Hversu viðkvæmt er svæðið, þ.e. hverjir eru möguleikar þess að halda eða ná aftur grunnástandi?

Í opnum svörum þegar spurt var hvað væri það neikvæðasta við Kvíslatunguvirkjun nefndu fjórir áhrif á umhverfið, að virkjunin myndi raska umhverfinu og hafa slæm áhrif á náttúruna. Tveir töluðu um að óspilltri náttúru yrði spillt. Þegar spurt var um hvað væri jákvæðast við virkjunina nefndu hins vegar tveir að aðgengi að útivistarsvæði yrði betra og að mögulega sköpuðust ný útivistarsvæði og einn talaði um aðgengi að nýjum perlum, að lítil áhrif yrðu á umhverfi, meiri veiði í Selá og að þetta væri jákvæð nýting á umhverfinu. Þannig eru eðlilega skiptar skoðanir um áhrif virkjunarinnar á svæðið en yfirgnæfandi meirihluti (78%) taldi að áhrif á útivist yrðu engin eða jákvæð. Að sama skapi töldu 82.6% að áhrif á ferðapjónustu yrðu engin eða jákvæð. Því má álykta að meirihluti íbúa telji svæðið ekki viðkvæmt. Þegar þeir sem rætt var við voru spurðir hvort mögulega væri verið að raska landi á hálendinu sem gæti komið í veg fyrir útivist og ferðapjónustu þar í framtíðinni töldu þeir að svo væri ekki því svæðið væri svo óaðgengilegt að ólíklegt væri að farið væri með ferðamenn þangað þar sem ýmsir aðrir, aðgengilegir og fallegir staðir væru í boði.

5.2 Matsspurningar - gerð og eiginleikar áhrifa

5.2.1 Er framkvæmdin líkleg til að styrkja atvinnu og búsetu í sveitarfélaginu?

Segja má að íbúar hafi haft mestar væntingar varðandi störf á framkvæmdatíma en 130 eða 85,5% þátttakenda í spurningakönnuninni töldu að Kvíslatunguvirkjun myndi hafa frekar eða mjög jákvæð áhrif á þann þátt. Einnig töldu þeir af hverjum fjórum (75%) að virkjunin myndi hafa jákvæð áhrif á samkeppnishæfni Strandabyggðar og áhrif á sköpun framtíðarstarfa (73,9%). Þá taldi yfirgnæfandi meirihluti (70,4%) að virkjunin myndi hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar.

Fjöldi starfa við virkjunarframkvæmdir fer eftir umfangi og tilhögun framkvæmdanna en hvaðan starfsmenn koma er háð óvissu. Í tilviki stórra virkjunarframkvæmda geta á bilinu 60-80% starfsmanna verið erlendir og þá er greitt útsvar af tekjum þeirra til þess sveitarfélags þar sem vinnubúðir þeirra eru staðsettar (Jóna Bjarnadóttir, 2023). Í tilviki minni virkjunarframkvæmda má búast við að minni verktakar og innlendir starfsmenn taki hlutfallslega meiri þátt. Útsvar af tekjum íslenskra starfsmanna er greitt til þess sveitarfélags þar sem þeir eiga lögheimili. Búast má við að hluti þessara starfsmanna geti komið úr Strandabyggð eða nágrannasveitarfélögum en annars má búast við að starfsmenn geti komið hvaðan sem er af landinu og jafnvel frá útlöndum að einhverju leyti. Óvissa um fjölda starfa og samsetningu starfsmannahópsins er sem sagt mikil og skýrist í raun ekki fyllilega fyrir en útboð hafa verið opnuð og ljóst verður hverjir munu vinna verkið og hvernig.

Viðmælendur höfðu ekki væntingar um að mörg framtíðarstörf yrðu til við sjálfa virkjunina en sögðu að í fámennum samfélögum munaði um hvert starf. Ef miðað er við afl og starfafjölda við rekstur nokkurra vatnsaflsvirkjana þá má búast við að rúmlega eitt starf skapist við rekstur virkjunarinnar. Ef miðað er við að bein margfeldisáhrif vegna starfa við rekstur virkjana sé 1,5 þá gætu ný störf samtals orðið um 2,7.

Útsvarstekjur af þessum störfum gætu numið um 9 mkr. ef miðað er við meðaltekjur í veitustarfsemi fyrir bein störf og meðaltekjur fyrir önnur störf (Hjalti Jóhannesson og o.fl., 2023). Hvar þessi störf yrðu staðsett er þó háð mikilli óvissu og alls óvíst að þau yrði í Strandabyggð m.a. vegna þess að virkjunum sem þessum er gjarnan fjarstýrt.

Hvað varðar aðrar tekjur sveitarfélagsins þá er greiddur fasteignaskattur af stöðvarhúsum virkjana. Þegar miðað er við afl virkjunarinnar og tekið mið af fasteignagjöldum vatnsaflsvirkjana sem þegar hafa risið víða um land, gæti fasteignaskattur numið á bilinu 4,5-5,5 mkr. á ári.

Þeir sem viðtöl voru tekin við voru allir sammála um að það væru miklir hagsmunir fólgnir í því fyrir Strandabyggð að Kvísatunguvirkjun verði að veruleika. Sérstaklega var lögð áhersla á að nauðsynlegt væri að framleiða meiri raforku inn á raforkukerfi Vestfjarða og að tryggja afhendingaröryggi, þannig að staðir yrðu ekki rafmagnslausir eða þyrftu að grípa til brennslu á dísilolíu. Vísað var í að erfitt væri að reka fyrirtæki og að ný fyrirtæki vildu ekki fjárfesta þar sem rafmagn væri ekki öruggt og þar sem borga þyrfti helmingi meira fyrir kílóvattstundina hluta ársins en þar sem stöðugt aðgengi væri að ódýrasta rafmagninu. Einnig væri það neikvætt fyrir ímynd svæðisins, ferðapjónustu og gæði búsetu þegar t.d. þyrfti að loka sundlauginni á Hólmavík vegna raforkuskorts. Þá var raforkuöryggi sá þáttur sem langoftast var nefndur þegar þátttakendur í símakönnuninni voru beðnir um að nefna 1-3 jákvæða kosti við Kvísatunguvirkjun. Þetta nefndu 74 sem er helmingur þeirra sem hringt var í. Þar á eftir komu aukin raforkuframleiðsla sem 21% nefndu, minni notkun á dísilolíu og aukin atvinnutækifæri. Þessir fjórir þættir skáru sig úr frá öðrum þáttum (sjá viðauka 3, bls. 51).

5.2.2 Er framkvæmdin líkleg til að auka þol gagnvart samfélags- umhverfisbreytingum?

Framkvæmdin mun auka aðgengi að endurnýjanlegri raforku á svæðinu og stuðla að auknu raforkuöryggi. Stöðugleiki í þessum raforkumálum er meðal forsendna fyrir því að unnt sé að reka nútímalegt samfélag þar sem flestar athafnir íbúa eru sífellt háðari stöðugu og nægu rafmagni og svipað gildir um atvinnustarfsemi. Afkoma samfélagsins í Strandabyggð og nágrenni er þess vegna, líkt og annarra samfélaga, háð því að ástand orkumála sé viðundandi. Samkeppnishæfni svæðisins og atvinnulífs þess fer meðal annars eftir stöðu orkumála en svæðið hefur staðið höllum fæti sem staðfest er með þátttöku þess í verkefninu Brothættar byggðir. Í viðtölum sem gerð voru fyrir þessa greinargerð bar þessi atriði oft á góma og í opnum svörum í könnuninni kom glögglega í ljós að íbúar leggja mikla áherslu á orkumál í tengslum við þróun byggðarinnar. Þannig var það oftast nefnt eða 74 sinnum að það jákvæðasta við Kvísatunguvirkjun væri raforkuöryggi og næst oftast eða 32 sinnum að það væri aukin raforkuframleiðsla (sjá viðauka 3).

Ein helsta forsenda orkuskipta, sem liðar í að draga úr losun kolefnis til að vinna gegn loftslagsógninni, er aðgengi að nægu og tryggju umhverfishæfu rafmagni. Að hætta brennslu dísilolíu til að framleiða rafmagn á Vestfjörðum er liður í þessu og má líta á virkjunina sem framlag til að vinna að þessu markmiði. Í viðtölum kom m.a. fram að orkuskipti í samgöngum virðist mæta hindrunum á svæðinu þar sem rekstur rafbíla væri ótryggur vegna ástands raforkumála. Í opnum svörum var nefnt 21 sinni að minni notkun á dísilolíu væri það jákvæðasta

við Kvísílatunguvirkjun, þrír nefndu að virkjunin myndi auðvelda orkuskiptin og tveir að orkuverð yrði hugsanlega lægra.

5.2.3 Hversu líklegt er að framkvæmdin hafi áhrif á nýtingu lands til landbúnaðar og ferðamennsku?

Ekki virðist líklegt að framkvæmdin muni hafa áhrif á nýtingu lands í Selárdal til landbúnaðar. Enginn búskapur er lengur stundaður í dalnum og ólíklegt að það breytist fyrir tilstilli virkjanaframkvæmda. Í spurningakönnuninni taldi helmingur svarenda samt að virkjunarframkvæmdir myndu hafa jákvæð áhrif á landbúnað. Líklegt er að þar sé horft sé til Strandabyggðar fremur en virkjunarsvæðisins sjálfs enda sagði bóndi á svæðinu að raforkuöryggi væri gott fyrir alla starfsemi. Annar viðmælandi taldi að fáir bændur yrðu eftir á svæðinu eftir 10 ár, ekki væri endalaust hægt að stunda sauðfjárbúskap án þess að geta lifað af því. Þá vaknar sú spurning hvort aukið aðgengi að rafmagni og sú uppbygging í atvinnu sem fólk gerir ráð fyrir í kjölfarið muni hafa neikvæð áhrif á sauðfjárbúskap, að því leyti að það verði auðveldara fyrir bændur t.d. að snúa sér í staðinn að ferðapjónustu eins og Guðni Ágústsson fyrrum landbúnaðarráðherra gagnrýnir að bændur séu hvattir til að gera (Magnús Hlynur Hreiðarsson, 2023). Á hinn bóginn gætu ný atvinnutækifæri auðveldað bændum að halda búskap áfram. Það hefur sýnt sig að mikilvægt er fyrir sauðfjorbændur að hafa aðgang að annarri atvinnu samhliða, t.d. í nálægu þéttbýli og þannig tengist m.a. aukið framboð á raforku og aukið raforkuöryggi afkomu bænda (Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2015).

Selárdalur er ekki svæði sem gert er út á fyrir erlenda ferðamenn og töldu viðmælendur ekki að framkvæmdir myndu skerða möguleika á uppbyggingu ferðamennsku.

5.2.4 Hversu sýnileg er framkvæmdin frá helstu útivistarsvæðum og hvernig gæti hún breytt aðdráttarafli svæðisins?

Í þessari rannsókn voru ásýndarbreytingar ekki skoðaðar sérstaklega en hagaðilar voru spurðir hvort þeir teldu að virkjunarframkvæmdir og mannvirki myndu sjást frá helstu útivistarsvæðum og breyta upplifun á svæðinu. Viðmælendur tóku fram að endanleg útfærsla lægi ekki fyrir og að ekki væri t.d. búið að taka ákvörðun um staðsetningu stöðvarhúss. Út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja töldu þeir sem rætt var við að mannvirkin yrðu ekki áberandi frá helstu útivistarsvæðum og þeir fengu ekki séð að þau myndu breyta aðdráttarafli svæðisins.

5.2.5 Hversu líklegt er að framkvæmdin hafi áhrif á komur ferðamanna á svæðið og hversu lengi má gera ráð fyrir að áhrifin vari?

Eins og áður hefur verið sagt koma fáir ferðamenn í Selárdal á sumrin og miðað við samtöl við hagaðila er líklegt að Kvísílatunguvirkjun auki komu ferðamanna á svæðið en að það dragi úr komu ferðamanna. Eitthvað er um að veiðifólk veiði í Selá og gisti á nærliggjandi gististöðum. Ekki er vitað hvaða áhrif virkjunarframkvæmdir munu hafa á veiði en viðmælendur töldu að hún gæti aukist vegna vegagerðar og aukinnar fiskgengdar ef vatn hitnaði í ánni. Um 200 manns sækja Strandagönguna ár hvert og 11 hópar koma

hvern vetur á námskeið í skíðagöngu í Selárdal með afleiddri gisti- og veitingaþjónustu á svæðinu. Væntingar voru um að vetrarferðamennska aukist með bættu aðgengi að skíðasvæðinu vegna vegagerðar og að vegagerðin muni einnig auðvelda útivistarfólki að komast lengra upp á hálendið. Öll uppbygging á svæðinu sem gæti fjölgað hópum sem koma þangað er jákvæð þar sem hún hefur margfeldisáhrif út í samfélagið.

Ef litið er til Strandabyggðar og alls svæðisins sem virkjunin hefur áhrif á hlýtur það að teljast undirstaða fyrir ferðamannaiðnaðinn, eins og aðra starfsemi, að raforkuöryggi sé tryggt og að hægt sé að kaupa raforku á samkeppnishæfu verði. Þannig töldu tæplega 60% af þeim sem svöruðu spurningakönnuninni að virkjunin myndi hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu í Strandabyggð á meðan að 5,1% töldu að þau yrðu neikvæð og hagaðilar töldu að raforkuskorturinn stæði fjárfestingu í ferðamannaiðnaði á þessu svæði fyrir þrifum.

5.2.6 Hver er varanleiki áhrifa?

Það verður nokkuð rask á framkvæmdatíma sem er tímabundið og sama gildir um möguleg áhrif vegna þátttöku heimamanna í framkvæmdum.

Langtímaáhrif verða á orkuöryggi og orkuframboð á svæðinu og tækifæri sem því tengjast fyrir þróun nærsamfélagsins. Einnig breytingar sem varða t.d. bætt aðgengi að skíðasvæði og afrétti.

Þó að horft hafi verið til Strandabyggðar í þessari skýrslu er ljóst að Kvíslatunguvirkjun mun hafa áhrif á stærra svæði. Hótel Laugarhóll er t.d. staðsett í Kaldrananeshreppi þó það sé í næsta nágrenni við virkjunina, börn úr Reykhólasveit stunda skíðaæfingar í Selárdal og aukin raforka inn á raforkukerfi Vestfjarða mun hjálpa til við að mæta þeim orkuskorti sem er í landshlutanum öllum.

5.3 Matsspurningar – Hver eru viðhorf heimamanna til Kvíslatunguvirkjunar

Það hlýtur að teljast kostur að þeir sem rætt var við virtust bera mikið traust til Orkubús Vestfjarða og töldu að fyrirtækið myndi láta samfélagið njóta góðs af virkjunarframkvæmdum og gæta þess að sem minnst rask yrði á umhverfi og náttúru. Framkvæmdirnar höfðu verið kynntar fyrir íbúum og samráð haft við þá. Þegar rætt er um vatnsaflsvirkjanir stangast iðulega á þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að nýta það land sem tiltækt er til raforkuframleiðslu og þau sjónarmið að leitast eigi við að halda náttúrunni sem mest ósnortinni og þá sérstaklega ósnortnum víðernum. Því var í spurningakönnuninni leitast við að meta þessi viðhorf og almennt viðhorf íbúa til virkjanaframkvæmdanna. Þegar fólk var beðið að taka tillit til þeirrar fullyrðingar að halda ætti virkjunarsvæðinu ósnortnu voru 65% ósammála því en 23% voru því sammála á meðan 12% voru hvorki sammála né ósammála. Þegar fullyrðingin snérist um að fyrirhugað virkjunarsvæði væri góð staðsetning þar sem það væri í ónýttum óbyggðum var mun stærri hluti eða 85% sammála en 9,5% ósammála. Þegar spurt var um heildarviðhorf til Kvíslatunguvirkjunar sögðu 83.1% að það væri mjög eða frekar jákvætt og 7,4% að það væri mjög eða frekar neikvætt en 9,5% voru hlutlaus. Það mætti draga þá ályktun að 23% aðspurðra myndu helst kjósa að vernda virkjunarsvæðið en þegar á heildina er litið séu tveir-þriðju þessara svarenda á því að fyrst virkja þurfi á annað borð sé þessi staðsetning góður kostur. Þá eru eftir 7.4% sem eru frekar eða mjög

neikvæð gagnvart virkjunaráformum. Ætla má að þeir sem eru neikvæðir gagnvart virkjuninni hafi einkum áhyggjur af slæmum áhrifum á umhverfið og náttúruna því það eru þættirnir sem oftast voru nefndir þegar þeir voru beðnir að nefna það neikvæðasta við virkjun í Selárdal (sjá viðauka 4, bls. 52).

Spurningakönnunin var framkvæmd meðal íbúa í Strandabyggð þar sem líklegt er að þeir verði fyrir mestum áhrifum af framkvæmdunum, þekki best til þeirra og hafi myndað sér sterkustu skoðanir á þeim. Þar sem skörun er milli sveitarfélaga hvað póstnúmer varðar og úrtakið var veitt út frá póstnúmerum þá tóku einnig þátt þeir íbúar Kaldrananeshrepps og Húnaþings vestra sem búa næst framkvæmdasvæðinu. Mögulegt er að það hafi haft einhver áhrif á svör þar sem þeir sem bjuggu í póstnúmeri 510 voru marktækt jákvæðari en þeir sem bjuggu í póstnúmerum 500, 511 og 512 þegar spurt var um almennt viðhorf til virkjunarinnar. Einnig er gott að hafa í huga að þriðjungur þátttakenda sagðist lítið eða ekkert vita um virkjunaráform og að í úrtakinu voru aðeins 5,4% svarenda á aldrinum 18-30 ára en 35,6% á aldrinum 61-70 ára. Svarhlutfall í könnuninni var gott sem bendir til að þetta sé málefni sem fólk lætur sig varða og hefur skoðun á.

5.4 Matsspurningar - Er líklegt að Kvíslatunguvirkjun eða áform um virkjunina valdi deilum í Strandabyggð

Einn af þeim þáttum sem hefur komið fram í mati á samfélagslegum áhrifum virkjana er spurningin um hvort virkjanaáhrif valdi deilum í samfélaginu og hafi þannig áhrif á samheldni íbúa og jafnvel vellíðan (Hjalti Jóhannesson og o.fl., 2019). Meirihluta svarenda (66,6%) þótti ólíklegt að virkjunin myndi skapa deilur í Strandabyggð en fjórðungur (24,1%) taldi það mjög eða frekar líklegt. Tveir viðmælendanna höfðu áhyggjur af að neikvæð umræða færi af stað um fyrirhugaða virkjun en einn taldi að neikvæð umræða ætti þá að vera farin af stað nú þegar. Aðrir sögðu að eflaust væru einhverjir á móti framkvæmdunum en það væri frekar fólk sem byggi lengra í burtu og hefði ekki skilning á mikilvægi framkvæmdanna til að viðhalda byggð á svæðinu. Viðmælandi sagðist vera langþreyttur á slíku skilningsleysi og að ef einhvers staðar ætti að virkja á Vestfjörðum væri þetta líklega skásti kosturinn. Þessi staðsetning myndi hafa minnst rask í för með sér, þar sem fáir myndu sjá mannvirkin og ekki væri verið að fórná sérstökum náttúruminum eða vistkerfum. Annar viðmælandi sagðist telja að skoðun þeirra sem búa í nærumhverfinu ætti að hafa meira vægi en skoðun brottfluttra eða t.d. íbúa höfuðborgarsvæðisins.

HEIMILDASKRÁ

Bára Örk Melsted. (2024, 19. janúar). *Strandabyggð*. <http://www.strandabyggd.is/>

Bæjarins besta. (2024, 29. janúar). Skíðaskotfimi og strandagangan 2024.

<https://www.bb.is/2024/01/skidaskotfimi-ogstrandagangan-2024/>

Edita Tverijonaite og Anna Dóra Sæpórsdóttir. (2021). *The perceived impact area of renewable energy infrastructure on tourism: The tourism industry's perspective* (p. 58). Institute of Life and Environmental Sciences, University of Iceland.

Einar Jónsson, Margrét Traustadóttir, Sigmar Arnar Steingrímsson, Sigurlaug Sigurðardóttir og Þorbergur Steinn Leifsson. (2023). *Kvísílatunguvirkjun, Strandabyggð: Matsáætlun*.

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/2125/22286002%20Kv%C3%ADslatunguvirkjun-mats%C3%A1%C3%A6tlun.pdf>

Ferðamálastofa. (e.d.-a). *Áhugaverðir viðkomustaðir*.

<https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/landupplýsingar-kortagogn/ahugaverdir-vidkomustadir>

Ferðamálastofa. (e.d.-b). *Landupplýsingar Ferðamálastofu*.

<https://geo.alta.is/fms/stadir/?z=13&lat=65.79887932&lng=-21.75768140>

Gréta Sigríður Einarsdóttir. (2024, 18. janúar). Orkubú Vestfjarða byrjar að brenna olíu á morgun. *Rúv*. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/401121>

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson. (2012). *Sköpunarverkið Strandir: Þrenns konar sjónarhorn*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

https://skemman.is/bitstream/1946/13356/1/GudrunGunnars_GunnarJohannes_Skopunarverkid%20Strandir.pdf

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Sveitarfélög og byggðakjarnar*.

<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson. (2023). *Geitdalsárvirkjun. Áhrif á samfélag, ferðapjónustu og útvist*. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri

Hjalti Jóhannesson, Arnar Þór Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

(2023). *Matsvísar og frummat fimm orkukosta. Skúfnavatnavirkjun, Tröllárvirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, Hamarsvirkjun og Bolaölduvirkjun. Verkefni unnið fyrir faghóp 3 í rammaáætlun.* Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson, Magnfríður Júlíusdóttir, Rannveig Gústafsdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

(2020). *Sjö vatnsvirkjanir í 4. áfanga rammaáætlunar, samantekt viðtala við hagsmunaaðila um samfélagsleg áhrif.* Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmansson, Magnfríður Júlíusdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

(2019). *Samfélagsleg áhrif virkjana í Suður-Þingeyjarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu: „Eitt er að fá virkjun, en ef það er ekki lína niður í samfélagið þá er kannski ekki mikið að gerast“.* Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2019/fagh_3_rannsokn_nordurlandi_loka.pdf

Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2015). *Samfélagsleg þýðing*

sauðfjárbúskapar. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/saudfjarraekt_rha-loka-br_300315.pdf

Jóna Bjarnadóttir. (2023, 15. nóvember). *RE Áætlaður starfsmannafjöldi við byggingu*

Hvammsvirkjunar.msg [tölvupóstur].

Landmælingar Íslands. (e.d.). *Landupplýsingagátt - grunngerð landupplýsinga.*

<https://kort.lmi.is/mapview/?app=kort&lang=is>

Landsnet. (e.d.). *Kort af Íslandi.* <http://www.map.is/>

Magnús Hlynur Hreiðarsson. (2023). *Guðni segir að ferðapjónustan sé að drepa íslenskan land-*

búnað. [visir.is https://www.visir.is/g/20232469174d/gudni-segir-ad-ferda-thjonustan-se-ad-drepa-islenskan-land-bunad](https://www.visir.is/g/20232469174d/gudni-segir-ad-ferda-thjonustan-se-ad-drepa-islenskan-land-bunad)

Markaðsstofa Vestfjarða. (2018). *Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.*

https://www.vestfiridir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/afangastadaaaetlun_vest_fjarda.pdf

Markaðsstofa Vestfjarðar. (e.d.). *Hólmavík*.

<https://www.westfjords.is/is/afangastadir/thettbyli/holmavik>

Meyer-Arendt, K. (2004). *Tourism and the Natural Environment*. Í *A Companion to Tourism* (bls. 425– 437).

Oxford: Blackwell Publishing Ltd.

Oddný Þóra Óladóttir. (2022). *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2020 & 2021: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf*.

<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/2022/erlendir-ferdamenn-a-islendi-jul22.pdf>

Orkubú Vestfjarða. (e.d.). *Kort af Ísland*. <https://www.map.is/orkubu/>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Strandabyggð*.

<https://www.samband.is/sveitarfelogin/veftfirdir/strandabyggd/>

Selá Steingrímsfirði. (e.d.). *Selá í Steingrímsfirði*. <https://selasteingrimsfirdi.is/>

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Skýrsla/greinargerð maí

2018. [https://85829907-86ce-478e-87f8-](https://85829907-86ce-478e-87f8-adccc4eac7bd.filesusr.com/ugd/9b9425_68018a6b4a7e49acba3cd362d8be56bc.pdf)

[adccc4eac7bd.filesusr.com/ugd/9b9425_68018a6b4a7e49acba3cd362d8be56bc.pdf](https://85829907-86ce-478e-87f8-adccc4eac7bd.filesusr.com/ugd/9b9425_68018a6b4a7e49acba3cd362d8be56bc.pdf)

Vestfjarðastofa. (2023a). *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024: Endurskoðaðar áherslur 2023*.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/soknaraaetlun-vestfjarda-endurskodud-2023.pdf>

Vestfjarðastofa. (2023b). *Fréttabréf desembermánaðar*.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Frettabref/frettabref-desember-.pdf>

VIÐAUKI 1 VIÐTALSRAMMI

Ferðaþjónustuaðilar

Nafn, starf og aðkoma viðmælanda að ferðaþjónustu (fyrirtæki, tegund þjónustu, staðsetning og umfang)

Almennt:

1. Hversu vel þekkir þú áætlanir um fyrirhugaða framkvæmd þ.e. Kvíslatunguvirkjun?
2. Hver telur þú að verði helstu samfélagsleg áhrif í Strandabyggð af virkjuninni?

Grunnástand Selárdal/Ófeigsfjarðarheiði:

3. Hvaða ferðaþjónusta er stunduð í Selárdal / á Ófeigsfjarðarheiði?
4. Hversu mikilvægt telur þú að svæðið sem virkjunin er á sé fyrir ferðaþjónustu?
 - a. Hversu víða telur þú að áhrifa virkjunarinnar muni gæta?
5. Hversu viðkvæmt er svæðið, með tilliti til ferðaþjónustu, fyrir inngripi á borð við fyrirhugaða virkjun?

Hverjir eru möguleikar til að halda eða ná aftur grunnástandi?

Gerð og eiginleikar áhrifa:

6. Telur þú virkjunina verða sýnilega frá ferðamannastöðum?
 - a. Telur þú að einhverjir ferðamannastaðir séu í hættu vegna framkvæmdarinnar?
7. Gæti virkjunin breytt aðdráttarafli svæðisins fyrir ferðamenn og þá hvernig?
 - a. Telur þú einhverja hópa ferðamanna sérstaklega viðkvæma fyrir innviðum af þessu tagi?
 - b. Telur þú að tilkoma Kvíslatunguvirkjunar geti haft áhrif á þína starfsemi?
8. Gæti virkjunin haft áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu í Strandabyggð og þá hvaða?
9. Mun hún hafa áhrif á þá ferðaþjónustu sem þú stundar? Hvaða?

Viltu bæta einhverju við / er ég að gleyma að spyrja um eitthvað mikilvægt?

Fulltrúar útivistar (Veiðifélagið, skíðaganga, skotveiði, hestaferðir, jeppaferðir).

Nafn, starf og aðkoma viðmælanda að ferðapjónustu (fyrirtæki, tegund þjónustu, staðsetning og umfang)

Hversu vel þekkir þú áætlanir um fyrirhugaða framkvæmd þ.e. Kvíslatunguvirkjun.

1. Hversu vel þekkir þú áætlanir um fyrirhugaða framkvæmd þ.e. Kvíslatunguvirkjun?
2. Hver telur þú að verði helstu samfélagsleg áhrif í Strandabyggð af virkjuninni?
3. Hefur þú gengið um það eða ferðast á annan hátt?

Grunnástand:

4. Hvaða útvist er stunduð á virkjunarsvæðinu?
5. Hversu mikilvægt telur þú að svæðið sem virkjunin hefur áhrif á sé fyrir þá sem stunda útvist?
 - a. Hversu víða telur þú að áhrifa virkjunarinnar muni gæta?
6. Hversu viðkvæmt er svæðið, með tilliti til útivistar, fyrir inngripi á borð við fyrirhugaða virkjun?

Gerð og eiginleikar áhrifa:

7. Telur þú virkjunina verða sýnilega frá vinsælum útivistarsvæðum?
 - b. Telur þú að einhverjir útivistarstaðir séu í hættu vegna framkvæmdarinnar?
8. Gæti virkjunin breytt aðdráttarafli svæðisins fyrir útivistarfólk og þá hvernig?
 - c. Telur þú einhverja hópa útivistarfólks sérstaklega viðkvæma fyrir innviðum af þessu tagi?
 - d. Telur þú að tilkoma Kvíslatunguvirkjunar geti haft áhrif á þína útvist?

Viltu bæta einhverju við / er ég að gleyma að spyrja um eitthvað mikilvægt?

Atvinnulífið, Landeigendur, Sveitastjórn

Nafn, starf og tenging við áhrifasvæði virkjunarinnar

1. Hversu vel þekkir þú áætlanir um fyrirhugaða framkvæmd þ.e. Kvíslatunguvirkjun?
2. Hver telur þú að verði helstu samfélagsleg áhrif í Strandabyggð af virkjuninni?
3. Mun hún hafa áhrif á tekjur sveitarfélagsins? Hvaða?
4. Hvar eru sveitarmörk Strandabyggðar?
5. Hvernig skiptast helstu atvinnugreinar, landbúnaður, sjávarútvegur, ferðaþjónusta?
6. Mun virkjunin hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu?
 - a. Hversu mörg störf gætu skapast?
7. Hversu víða telur þú að áhrifa virkjunarinnar muni gæta?
8. Hvaða áhrif ef einhver myndi virkjunin hafa á nýsköpun?
 - a. Hvers konar nýsköpun?
9. Hvaða þýðingu hefur það fyrir atvinnulífið að bæta afhendingaröryggi raforku?
10. Hversu mikilvægt telur þú að svæðið sem virkjunin hefur áhrif á sé fyrir útivist?
 - a. Neikvæð og eða jákvæð áhrif á útivist?
11. Telur þú að framkvæmdin muni breyta aðráttarafli svæðisins hvað ferðaþjónustu viðkemur?
 - a. Hversu lengi má gera ráð fyrir að þau áhrif vari?
12. Er líklegt að framkvæmdin muni breyta aðstæðum fyrir landbúnað?
13. Er verið að fórna einhverjum hagsmunum svo sem varðandi útivist eða ferðaþjónustu?

Viltu bæta einhverju við / er ég ekki að spyrja um eitthvað mikilvægt?

VIÐAUKI 2. VIÐMÆLENDASKRÁ

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðamála hjá Vestfjarðastofu

Anna Björg Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Galdrasafnsins á Ströndum

Eggert Sigurður Kristjánsson, leiðsögumaður í snjósleðaferðum á Ströndum og forstjóri Strandatrölla ehf.

Jón Jónsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs í þjóðfræði

Ólafur Númason, formaður Veiðifélags Selár.

Ragnar Bragason, ritari Skíðafélags Strandamanna og bóndi

Sölvi Sólbergsson, Orkubúi Vestfjarða

Viktoría Rán Ólafsdóttir, eigandi Hótel Laugarhóls og formaður Skíðafélags Strandamanna

Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri í Strandabyggð

Hringt var í tvo í viðbót sem höfðu ekki áhuga á eða gáfu sér ekki tíma til að taka þátt í rannsókninni en annar þeirra veitti upplýsingar um staðhætti í stuttu og óformlegu samtali.

VIÐAUKI 3. OPIN SPURNING. JÁKVÆÐUSTU ATRIÐIN VIÐ KVÍSLATUNGUVERKJUN

Í opinni spurningu voru þátttakendur beðnir um að nefna 1-3 atriði sem þeir teldu vera það jákvæðasta við Kvíslatunguvirkjun (sjá kafla 3.6.1). Samhljóðandi svör voru flokkuð saman en annars voru setningar látnar halda sér. Eftirfarandi er tafla yfir öll atriðin sem nefnd voru og fjölda þátttakenda sem nefndu tiltekið atriði.

Jákvæð atriði	Fjöldi þeirra sem nefndu tiltekið atriði
Raforkuöryggi	74
Aukin raforkuframleiðsla	32
Minni notkun á dísilolíu	21
Aukin atvinnutækifæri	15
Betri samgöngur	4
Auðveldar orkuskiptin	3
Hugsanlega lægra orkuverð	3
Betra aðgengi að útivistarsvæði	2
Möguleikar á orkufrekri starfsemi	2
Skapar mögulega ný útivistarsvæði	2
Aðgengi að nýjum perlum	1
Aukin umsvif á framkvæmdatíma	1
Auknar tekjur	1
Auknar tekjur sveitarfélagsins	1
Bætir stöðu Vestfjarða	1
Bætt atvinnuástand á svæðinu	1
Fasteignagjöld	1
Góð staðsetning	1
Jákvæð nýting á umhverfinu	1
Jákvætt að framleiða orkuna í nærumhverfinu	1
Jákvætt fyrir orkubúskapinn	1
Lítil áhrif á umhverfi	1
Meira fólk í dalinn	1
Meiri hagnaður fyrir landeigendur	1
Meiri orka fyrir atvinnusköpun	1
Meiri veiði í Selá	1
Möguleikar á frekari uppbyggingu	1
Skapa meiri þægindi fyrir fyrirtæki á svæðinu	1
Skíðasvæðið nýtist betur með veglagningu	1
Snjómokstur	1
Sveitarfélagið á að njóta meira af virkjun	1
Uppbygging á skíðasvæði	1
Uppbygging svæðisins	1
Vegur kemur að Geirmundarstöðum	1
Vörubílstjórar gætu fengið vinnu	1
Það mun vera betri tenging og nýjar línur settar	1
Þetta þarf að vera einhvers staðar	1
Öll uppbygging er af hinu góða	1
Heildarfjöldi svarenda	130

VIÐAUKI 4. OPIN SPURNING. NEIKVÆÐ ATRIÐI VIÐ KVÍSLATUNGUVERKJUN

Í opinni spurningu voru þátttakendur beðnir um að nefna 1-3 atriði sem þeir töldu vera það neikvæðasta við Kvíslatunguvirkjun (sjá kafla 3.6.2). Samhljóðandi svör voru flokkuð saman en annars voru setningar látnar halda sér. Eftirfarandi er tafla yfir öll atriðin sem nefnd voru og fjölda þátttakenda sem nefndu tiltekið atriði.

Neikvæð atriði	Fjöldi þeirra sem nefndu atriðið
Áhrif á umhverfið	4
Raskar umhverfinu	4
Slæm áhrif á náttúruna	4
Neikvæð umræða sem tengist alltaf virkjunum	2
Spilla óspilltri náttúru	2
Vinstri græn munu verða neikvæð	2
Áhrif á útvistarsvæði	1
Ákvarðanir verða að vera í hendi skíðafélagsins	1
Beitiland gæti skaðast	1
Ef þetta hefur áhrif á skíðin þá er það mjög neikvætt	1
Ekki gott að vera að bora fyrir bergvatni	1
Engin nauðsyn	1
Eyðileggur ár	1
Eyðileggur náttúruperlur	1
Fá langtímastörf	1
Fólk mun flytja af svæðinu	1
Fuglalíf, gróður, ásýnd	1
Gott fyrir Vestfirði að markaðsetja sig sem ósnortna náttúru	1
Jarðrask	1
Má ekki koma í veg fyrir góða upplifun á góðu útvistarsvæði	1
Mengun	1
Óvæntar breytingar á náttúrunni	1
Passa að ósætti í samfélaginu aukist ekki	1
Sjónmengun ef virkjunin verður áberandi	1
Strandabyggð fær ekkert fyrir sinn snúð	1
Tröllskessa gæti hefnt sín	1
Umhverfissinnar í Reykjavík munu skipta sér af þó þetta komi þeim ekki við	1
Umhverfisspjöll	1
Verið að ganga á ósnortin víðerni	1
Viðhorf sveitarfélagsins	1
Það vantar ekki rafmagn á Íslandi	1
Heildarfjöldi svarenda	34